

II.

A r n b j ö r g

æruprýdd dándiskvinna á Vestfjordum
Íslands,

afmálar stíffun og háttfemi góðrar húsmóður í
húss = stjórn, barna uppeldi og allri
innanbæar húshýslu.

1848

1848

1848

§. 1.

Ottastu Gud og haltu hans bod, því svo hlíðir hverjum manni at gjöra, Préd. 12, 13. Þessa höfundreglu gefur Salómon ei síður konum enn kœrlum, og á Guds ótti at sitja í fyrirrími við allar fyrirtektir manna; enn þar er kvennfólk vantar optastnær bæði lærdóm og líka mœrg tælfæri, sem hjá karlmönnum æfa sinnisins krapta, ihugan og athuga, þá er brinandi fyrir þeim varúð sú, at þeirra gudsótti verði sem síst óstynsamleg þjónusta, því þá er ber vöð, at gudhræðslan úrkynjist svo mjög, þat hún verði einsaman hjátrú, ellegar grimd og nornastap, í stadinn fyrir helga vandlætíng, (Róm. 10, 2.) um Guds dýrd og gagn náúngans, svo sem þegar gyðingar hvöttu gudhræðbar heidurskvinnur, at reka Pál postula og þá Barnabas báða burt úr landamerkjum Antiochíu borgar, Act. 13, 50. Enn þegar stynsemin prýðir og gudhræðslan helgar þá kósti, sem kvennfólki eru eginlegir, framar enn kœrlum, sem eru: nákvæmni, medaumfan, blíðlyndi, hugarlátsemi, tilleidanlegleiki, þá er vel farid því húsi, sem slík húsfreiija stýrir; hennar madur hefir fundid góðann hlut, og medtekur velpóknan af Drottni. Prév. 18. 22.

§. 2.

Otti Drottins er upphaf vitskunnar, Psál. III, 10. Prov. I, 2. 9, 10., hann er sem a, b, c, í öllum dygda og síðalærdómi. Það er hans besta verkan, at hann lætur manninn hata hid illa, Prov. 8, 13., enn meira þarf til at gjöra hid góða¹. Hann einnsamann gjörir hygginn mann og varfærinn í athöfnum. Þeir Pharaos þegar, sem óttudust Gud, létu kvikfénað sinn í hús undan lamvidrið haglinu, sem Móses fyrir sagði, Exod. 9, 20. og höfdu góð fjárhöð, þegar annara manna búsmali þar í nágrenninu féll í strá. Skipverjar Jónasar óttudust Gud og komust af með áheitum úr sjáfarhásta. Jón. 1, 16. Menn verda ad komast fram úr óttanum til trúnaðartrausts á Gudi, og síðan en lengra áfram til fjærleikans; þá hid fyrsta er fengin sú vitsla, sem himnesk er, hrein, fridsöm, tilleiðingarjöm, full mistunar og góðra verka, án manngreinar og smjadurs, Jac. 3, 17.

Athugasemdir vid Arnbjörgu.

1) Ekki mun það vera meiningin hér, ad Guds ótta in ekki eins vel vinni ad því, ad maðurinn gjöri hid góða, eins og því, ad hann hafi hid illa, því eg gjöri ráð fyrir ad hef. tali hér um sannan Guds ótta og sannarlegan, sem alleinn er upphaf vitskunnar, og ekki lætur sér nægja ad hata illt, nema vilji Föðursins sé líka gjördur. Þrá honum er beint stig til trúnaðartraustsins á algóðum föður, og þaðan til fjærleikans, til allra föðurs og egin bræðra. S.

§. 3.

Trúin er æðri heldur enn óttinn, hann álitur Gud í öllum athöfnum fyrir sinn dómara, og hrædist því fyrir að stýggja hann með nokkurri synd, enn trúin álitur sig sæla undir hans stjórn. Hún gjörir sjálfráð, án fúgunar og þó með alvörugéfní, hans vilja, sem alleinn er góður; hún hefir einann Gud sér at trúnadi²; sá trúnadur er svo ómissandi, at án hans getur — engi maður gjört skylbu sína, eða æst þær dygdir, sem standi manns hæfir, svo Gudi megi þægt vera. Trúnadi og traust á Gudi er svo þarft þeim, sem mannþygd vill sýna, sem aflsinar eru manni þeim, er burda þarf at neyta. Hvadan kémur manni djörfung fyrir Gudi og mönnum, nær madr vantreystir alvitsku Guds, mætti hans og góðgírni, at vita

2) Höfundurinn virðist hér að setja trú og Guds ótta hvört á móti öðru, og að telja það Guds ótta, sem kémur af fíðun Guds hegnanda réttlætis, en ekki þá vitleitni, sem góðu barni er svo eginleg að stýggja ekki góðan fíður, en gjöra honum allt til gæðþekni, hvadan svo trúnadartraustid sprektur. Það er hvorttveggja að orðid trú hefir margar merklingar í andlegu máli og margar mun sá orð þetta viðhafa, sem ekki hindur við það neina honum sjálfum, enn síður öðrum, greinilega hugvind, enda virðist sem höfundurinn gjöri hér trú og trúnad eða trúnadartraust á Gudi að einu og því sama, hvad og vel má standast í vissum skilningi orðsins trú, en ekki ætla eg trú þá gæti kallast æðri enn Guds óttin, sem af réttum rokum er sprottin. S.

naudsýn manna, kunna og vilja hjálpa? Hvernin má húsmóðir hugga bónda sinn í sorgum og áhyggju, eða hjú sín og vini í sjúkleika og øðrum vandræðum, nema hún hafi sjálf athvarf til Guds, og viti, hvers hún má af hönum vænta? Þegar hún veit á hvern hún trúir, fær hún með því Guds traust, úrræði og flörungsflap í hverri þraut og í öllum øðrum atburðum *).

*) Mér virðist sem höfundurinn í tveimur undan-
gángandi ss. taki orðid „Guds ótti“ einsog „ótta fyrir
Gudi“ og vilji með því tákna hina óæðri tröppu ráð-
vendninnar, sem er í því fölgín að hræðast íllt, edur
láta óttann fyrir Gudi, einsog dómara, aptra sér
frá því, án þess að gjöra hid góða af lyst til þess
edur af elsku á því. Þenna ótta kallar hann upp-
haf vitsfunnar, af því hann geingur á undan elskunni
til hins góða — menn þurfa fyrst að þekkja og varast
íllt, áður menn fá elskad hid góða; — þessvegna kenna
menn börnum, þá þau eru komin til skilnings, fyrst
af öllu Þobordin og koma, með aga, ámtuníngum og
advörunum, inn hjá þeim ótta fyrir hinu ílla, svo þau
læri að fá andstygd á því og fordast það. — Öttinn er
upphaf edur byrjun vitsfunnar. En þá fullkomnu ráð-
vendni edur gudrækni kallar höfundurinn „trú“ — má-
ské hefdi manni þókt vídfeldara að hann hefdi brúfad
orðid „elsku“ af því elskan er gagnstæð óttanum, og það
er einkenni hins algjörda kristna, að hefja sig smámsam-
an yfir allann ótta, svo hann ei einíngis fordíft íllt
af ótta fyrir hegningu, álast, edur øðru þessháttar,
heldur líka rækji það sem gott er, af elsku til þess ed-
ur Guds; — en höfundurinn gétur fært það til síns

§. 4.

Kjærleikur til Guds og fædurlandsins, til Kóngsins og yfirvaldanna, til bónda síns og barna, til hjúa og nágranna, samt almennings útfrá, gjörir það at henni þykir stand sitt indælt, og það verður henni þá meir enn hálfu léttara og auðveldara enn annars væri. Sá kjærleikur fyrir hana mögla og óþolinmæði eins þó er vidlega falli, þaraf verður hún viðkvæm og medaumkunar-
söm við alla menn og lífa við þær sfynlausu sfépnurnar; hún vill allra mein bæta, sem mest hún má, og sér aumur á allra nauðsyn, þó það kosti hana ervidi, áhyggju og efni. Þótt hún gæti gjarnan átt góðann búnað, edur adra húss-
prýði, þá fer henni, þegar svo mikil skal gylða, sem er Guds bod og nauðsyn annara manna, eins og Israels dætrum, er — gáfu frá sér góðgripi sína, svoat ekki sfylði vanta fagrann og dýrann málm til gudsfjónustu verkfæra, Exod. 35, 22., ellegar einsoð hinum, sem gáfu handydnir sínar til sömu brúfunar v. 25. 26. Hún er hugul og gudspaklagjörn við þurfamenn, enn úrræðagóð

máts, ad fullkomin og sönn elffa er ómöguleg án trúarinnar, sem þessvegna verður ad gánga undan. — Líka hefur hann í þessum 2ur ff. ad minni hyggju haft fyrir augum sér greinarmuninn milli lögmátsins og Evangelíum, og heimfært óttann undir lögmálid, en haldid ad ordid „trú“ ætti betur enn elffa við Evangelíum. Þannig ætla eg allt megi til sanns færast sem höfundurinn hefur hér sagt. **Th.**

og orlát við vini sína, öllum mönnum góðgjörn. Hún er Gudi þekkt, ástjál og vinsæl með mönnum, hún finnur hjartans vindi í manndygdum, því þær eru eptirmynd Guds eginlegleika, og gjöra menn Gudi líka. Sú sem þessa kosti hefir, er góð kona, skynsöm, og hún byggir húsið. Prov. 14, 1.

§. 5.

Góð kona hefir sín trúarbrögð jafnan fyrir augum, því er hún trúrækin. Þessi trúræki gjörir góða háttastipun í húsi hennar, setur skordur við gjálfi unglínga, við lausungar, sjálfræði hjúanna og við ofmikilli búksorg. Þar fyrir vandur er hún helgidaga hald, hússlestra og bænagjördir, þá allt heimilis fólk er nálægt tilsamans. Lögtefna síði firkjunnar rækir hún, því hvað, sem þarútaf bregdur, gjörir hneirli og óþarft umtal, sem engu góðu stýrir; hún fordast í því sem öllu öðru allt ílt skyn, 1 Tefs. 5, 22, hún sýnir sig ráðsvinna.

§. 6.

Með því það er brestur margra trúkvenna, að þær gjöra sér helst til margar trúargreindir, hvaraf kómur margfeld villa, þá er það varúdat verdt, at fordast þvílíkt, enu ransaka Guds bod. Devt. 4. 2. Þér skulud engu bæta við þau ord, sem eg býd yður, og ekkert taka þarfrá, svo at þér vardveitid bodord Drottins yðar Guds. Það hæfir og svo, at ransaka sína skynsemi, þvíat fávísar konur hafa það tíðum af óskynsamlegu

uppelbi í æflunni, enn hverlyndið þrái á hinum
 efra aldri, at þær vilja aldrei sannfæraft láta, at
 sleppa sinni hjátrú, og alla æfi sína halda þær
 sínar bábiljur fyrir öruggann sannleik, og nokkra
 hulda speki, enn slík villa er þó verri enn hégómi,
 því hún er skadleg og Gud hatar hana, hún spillir
 magnlega farsæld og framkvæmdum manna, og
 stundum heilsunni með; hún eidir því trausti, sem
 menn ega at setja á sannan Gud í öllum sínum
 atburdum. Hér til heyra þessi hindurvitni: at
 velja lukkudaga til sinna uppá-tækja, trúa draum-
 um, gæfu edur ógæfu bæum og flöðum, kvíða
 goldrum, óttast reimleika, halda ár í hverju skoti,
 og alla sjúkdóma, sem sjaldgengnir eru, fyrir töfra,
 með óteljantegum fleiri órum og atkvæðum þess-
 háttar fluggsýnu innbirlinga³. Sé nokkur húss-
 módir eda bústýra flapsóm í þessari villu, þá má
 það miklu illu valda, og þar verða börn og úng-
 menni optast vantrúarfullir skreppingar, hrædd og
 ístöðulaus hvar sem nokkud í dálpar, þó ei væri
 meir enn at ganga um þvert hús í myrktu, helst
 hvar dandur nær er einhverfadar í nánd.

3) Því er æ verr og midur, ef þessi hér töldu hindur-
 urvitni, eda þunur af slíku tegund, ekki enn að öllu
 eru hédan landsflötta, því ekkert ega þau skilid við Guds
 ótta og trú, eda sannan kristinnndóm; þau eru langt
 heldur ósjaldan ódögðanna forunoutar, hvað ei er að
 undra, því þá einn má illt óttast, sem illt gjörir, og
 vill því ekki kalla þær „trúkvendi“, sem slíkar bábyjur
 um hönd hafa. Trúarskortur enn ekki sönn trú leidis
 til slíks hégóma. S.

§. 7.

Þá er kona skynsöm, er hún hefir rétta þánka og meiningar um alla sína skyldu, enn góð kona, ef at hún ræðir skylduna þareptir, þegar hún veit og gjörir í hverju efni hvað vel sómir og hyggur at því, sem rómsælt er Phil. 4. 8. Ut-hugasöm alvörugéfní, sem temprud er með ljúf-lyndi, sómir húsfreyu ágætis vel, enn hinní er allilla varid, sem annadhvert er kærstin eda fúllynd, lauslynd eda norn í skapi.

§. 8.

Skynsöm kona hyggur at Guds stjörn í heim-inum og gætir þess, at Róngur og hinir, sem Róngs vald hafa í höndum, vaka yfir fridi lands og lýða, svo almenníngur megi lifa góðu og rólegu lífi í allri gudrækni og síðsemi, hún bidur því Gud fyrir Rónginum og ødrum yfirvöldum, hún heidrar þau og elskar og brýnir fyrir börnum sínum og hjúum þá sömu skyldu, hún styrkir bónda sían í øllum greiðslum og allri skyldu við yfirboda-ara, at sú landstjörn, sem hún býr undir, megi farsællega viðhaldast í spekt og fridi.

§. 9.

Hyggín kona ræðir og elskar almenníngs gagn, hún styrkir gjarnan og ljúflega til þess eflíngar, hún er bónda síns meðhjálp í því at gjöra góð sveitar skil, og sjálf er hún sveitar bót, þar sem hún býr. Hún geymir þess vandlega, ad henn-ar ófullkomin og minni háttar skylda, sem bundin er við stad, tíð og fríngumslædur, hindri ekki þá

fullkomnu skylduna, sem aldrei [má] sýnja og aðrir meiga af henni krefja, því setur hún athofnum sínum þær skordur, at aldrei fóttróði hún Guds, kóngsins edr yfirvaldanna bod, aldrei brjóti hún í móti almennings gagni edr fædurlandsins, þó það væri henni ávinnings von; Hún hysir ekki illræðismann eda leynir honum í hjærleiks skyni; hún gefur ekki göngumanni þann mat eda það fat í gudspakka nafni, sem börn og hjú svelta og kélur fyrir; ekki gefur hún þann pening øreiganum í medaumkfanarskyni, sem hún á einann til að greiða í tekjur yfirvaldsins; hún lætur ei þingbod falla fyrir það, at grannkona hennar hefir þann dag bedid um mannlán til heyvinnu. — Samt er hún gudspaklagjörn við alla øreiga og greiðvikin við nábuá sína, hvar sem má þess orka og eingvir meinbugir hindra hana þarfrá.

§. 10.

Það er góð heillastod, að hafa góða nágranna, og það verða flestir þegar þeir mæta góðu, því leitar þess skynsöm kona, at ná og rækja hylli granna og grannkvenna sinna. Hún heldur góðgranna skil um beit og önnur þvísík smá samskipti. Hún endir, sem mest hún gétur, öllum nágranna frít, lídur ei fólki sínu bakfal edur þvís, og vill ei heyra það af hjúum granna sinna. Þ sjúkðómi — eda húngri hjálpar hún þeim fyrr enn ødrum vandalausum úti frá. — Hún styrkir gagn þeirra, enn forðar þeim skada með allri alúd, hvar sem tilnær, helst þegar grannkonuna brestur einhver búþarfindi, til fæðis, klæða

edr hagnadar. Þarvið enkur hún sína egin far-
fæld, því hún verdr vinsæl, og flestir reikna sér
það stýldu, at gjöra henni til þægðar, þegar
mannþygdar menn ega í hlut, og þá vinnur hún
enn meira, þegar vondur madr hefir orðid fyrir
góðu af henni, því þeir fá minni lyst til ad
gjöra illt, svo hún kann heldur ad vera óhult og
hennar hús fyrir þeim; þeir kunna at lagfæraft,
og, þó það sjáist ei, þá er henni það ærin ómaks-
laun, at hún veit það, at Guði þóknast hennar
þygd og viðburdir⁴.

§. II.

Það er hverki góðr húsfadur né húsmóð-
ir, sem helst vill vera útanbæar, enn óræfja sitt
egid hreidur; þó er því heimili verri von, hvar
húsfreyan er stjófsum útaf bæ, því hennar fyrir-
sjón þarf daglega heima. Nú kann góð húsmóð-
ir ad eiga naudsýnja heimanserd; hún er bodin til
brúðkaups edr annarar vinaveitslu; Hún vill sjá
háttu annara búkvenna, sem hún megi færa sér
sjálfri aptr í nyt, hvartil eg ei sist nefni danskar
forstöndugar búkonur, sem margt þarflegt má af
læra, það sem bæta má búnað vorra innlendstu
kvenna⁵ *), og fleiri kunna ad vera stýnsamleg

⁴) Þessa grein ættu allir, bæði grannar og grann-
konur, ad kynna sér vel og færa í nyt; þá verdu bæði
sambýli og nábyli ánægjufylltri og heillartkari enn þau
almennt eru. S.

⁵) Það hér talda sýnir frjálstýndi hofundarins á

*) Af góðum dansfum búkonum má einkum læra

erindi ferðarinnar, þá sér hún fyrir því, at allt haldist í skordum í húsi hennar á meðan hún er heiman. Hún kemur sjálf fagnandi heim, og allt heimasólkid fagnar komu hennar.

§. 12.

Kona tekur rétt og mannvirðing af bónda sínum, leitar hún sóma hans í öllu, og þareptir vex hennar eginn sómi. Hún venur líka hjú og börn á at virða hann, svo beggja þeirra stjórnsæmi hafi þess betri framgång. Sína innvortis kosti tekur hún hvergi at láni, þá hefur hún sjálf gétins af Gudi, og er fá hennar hofudstóll geimdr hjá sjálfri henni, enn blasir þá heist í augum, nær bóndi hennar er heimskur og illgjarn, sem Tabal, edur mannrænulaust lítilmenni. Þær dygdir, sem konur mest þryða, eru skirlifi, trygd og gudræfni.

Þeim tímum, og gætu máské vorir tímar, sem þokjast sér um allt fullnógir, tekid sér hugvefju af ordum hans. S.

Þrifnad, reglu, sparsæmi og góðann matartilbúning, og er það sómi fyrir karl sem komu ad nema góða sídi af hvarjum sem er, og fyrirrita ei háttu útlendra manna, þar sem þeir gæta átt vid land þetta og mida til fulls komunnar í einhverju nýtsamlegu, sómasamlegu edur fallegu.

Sá ágjæti hofundur sýnir hér, etus og svo vider, hvarfu hann var hafinn yfir hleypidóma þeirra manna, sem hugsa ad ei gæti verid vit edur gagn í neinu nema því sem þeir hasa alist upp vid sjálfir edur sjeð fyrir sér. Th.

Þanti hana einhverja þessa, er hún ekki góð kona. Þá eru enn adrar dygdir þarnærst, sem konum gjöra svo stóran sóma, sem mestu afreksverk karl-
mönnum; Þessar kvenndygdir eru: gott og skyn-
samlegt barna uppeldi, umforgun fyrir heimilis-
fólkinu og fjærleiki til bænda þeirra, hverra dygða
síðar verður gétid.

§. 13.

Konurnar eru skapadar til at mykja gæðs-
muni karlmannna, at eggja þá á nærgætni og
medaumkan og þess þurfa margir karlmenn. Þad
er einhverr besti kostur góðrar konu, at hún bari
bónda sinn í øllu, sem til hennar gétur náð,
sjái hún hann reidast, sefar hún hann; viti hún
hann hafa þúngann hug á nokkrum, affakar hún
þann sama, og svo fer henni í hverju ødru;
þó leitar hún sér ekki metnadar og afhalds þar
med, heldur sýnir hún dygd sína Gudi, og vænt-
ir launa hjá honum, þó at enginn madr viti af
þessu. Hún gjörir þetta, svo at beggja þeirra
hjónaskyldr rækist því betur. Þegar hún veit
brestu bónda síns, þá er henni þad mesta sóma-
verk og manndygd, at geta vanid hann frá þeim,
og setid í vegi fyrir því, at þeir verdi honum at
kinnroda; at hann verdi hygginn af heimskum,
góðgjarn og mildur af illgjörnum og hardúdu-
gum. Hún gjörir hann ad nafnkéndum sómamanni,
sæll er sá sem hana fær, hans áratala tvöfalda-
ast. Dugleg kona gleðr sinnn mann og gjörir
honum rósamt líf, hún er gott hlutskipti, Syr.
26, 1. 2. Hún er kóróna mannsins. Prov. 12, 4.

§. 14.

Uf því það er Guds bod, þá er hún bónda sínum undirgæfin í kjarleika og hlýdni; hún er hans besti trúnaðarmadr, hollasti ráðgjafi, tryggvasti vinur; hún sýnir honum blíðu í umgengni, hugarlátsama vinnustu í sjúkleika, huggun og meðhjálp í sorg og áhyggju, þolinmæði yfir brestum hans, þagmælsku í þeirra ráðgjörðum og fyrirætlun. Hún er langtum heldur svegjanleg enn þrætugjörn, ef bóndiun er sérlyndur, og fellst á hans ráð, þó henni sé midur umgæfid, nema þau leidi til syndar og ósóma, því þá metur hún þýrri þá skyldu, sem Gud, hennar egin æra og samvitska heimtar af henni, enn bóndans illræði, þegar hann er samvitskulauft fól og vill ei sannfærast láta. Hún kys þá heldur at líða illt af honum, enn gjöra illt fyrir hans munnmeti. Þvílík kona er vænst til þess, at gjöra mann sinn gøfugann, vel metinn af öllum, enn helst af hjúum, og margur madur á konu sinni mikid at þakka af vörðing þeirri, sem heimasólk og grannar veita honum. §. 12—13.

§. 15.

At vera forvitinn og spurull, er skadlegur brestur bæði karla og kvenna, nema þegar menn vilja fregna annara atferd í kostum og konsum, manndygdum og framshýni, sér sjálfum til batnadar. Mennt frétta þá ímsa hluti, sem þeir hyggja atfinningar verða á ødrum, freistaft þá til baktals, og á meðan þeir heyra og dæma um adra, gleima þeir því, sem þeir skyldu sjálfir gjöra, svo adrir

gæta þá fundid at þeim. Góð og stýnsöm kona hefir nóg að sýsla sjálf, og finnur opt að sér hafi verið ábótavant, brúkar því tímann til að bæta það, langtum heldr enn að hugsa eftir brestum grannkvenna sinna. Hún er stílt og auðmjúk, lítillát og orðvör, hatar baktal og illann umlestur, ei síður enn hædni og nafnagiftur. Hún ransakar, hoð sig bresti við bestu konur, auðmýkir sig af því og keppist við að lagfæra það. Enn heimst kona hyggur mest að brestum annara kvenna, ber saman við þá kosti sína, þykist því góð og stærir sig. Hún þykist því betri sem hún heyrir meira ílt af öðrum⁶. Góð kona hyggur mest að vitnisburði sinnar egin samvitsku^{*}).

§. 16.

Forstöndug kona hatar eingar nýngar, enn fellir sig við þær — einar, sem hún veit af sinni

6) Þetta er nú ei fremur skaplestur kvenna enn karla, þó að höfundurinn sérilagi víki þarum ræðu sinni til kvenna. Allra regla ættri það að vera, ef þeir vilja jafna sér við aðra, að líta eingaungu til þeirra sem betri eru, að þess eigin álit, sem í mannjofnudin fer, því gjöri hann það ekki, er hætt við hann þykist í öllu fullgóður, og fari við það dagversnandi. S.

*) Heilræði höfundarins bæði í þessum og undan-
gángandi þremur §§ og þó vðar, eru svo kristileg,
nákvæm og hjartanleg, að eg gét ei annað enn óskad
hvorri konu til lukku sem þau les með verðugu at-
hygli, enn — sú sem hlýðir þeim, er í sannleika kó-
röna manns síns. Th.

edur annara reinslu at gagnlegar eru og tiltæfilegar eftir efnum hennar. Hún er síður enn ekki fastheldin á fornri venju, sem ógagnlegri er, því það er aldrei víta verdt, at breyta sér til batnadar, enn þráhyndi við forna ósidi, ólag, óvit og ambøguhátt er heimsku merki. Með því at reyna margt, finna menn hvað best er, edr betra enn ádr, og það er skynsöm nýngagyrni, sem forstandskona heldur við alla æfi. Hún styrkir bónda sinn í reynslu hyggilegra nýunga, og fýgir heim vel fram með honum, þegar þær hafa reyast gagnvænlegar.

S. 17.

Þá rættan og lífa mentan barnanna er móðurinnar verk og skylda, ámedan þau eru úng. Um sveinbörnin gylðir venjulegast það gamla munnmæli: „fyrstu 10 vetur er mögur fyrir móðurkúnam“, leggst það mest á móðirina, at kenna sveinum allt þeir nema skulu, innon þess alburð, þaðan af tekur fedra skyldan við; enn dætranna uppfóstur allt og mentan hefir þá fyrst enda, er dætur eru gjafvarta, því þángadtil eru þær undir móður hendi, og jafnvel lengur, ámedan þær eru ógæfnar heima⁷.

⁷) Þetta má vel vera svo, hvað dætranna mentun í bóklestri, vöðufemi, þrisnadi, handydnum og vörum búnaðar: verknadi áhrærir; en ekki er það svo að stílla að sedur eigi hlutlausir að vera af uppeldi sveina til 11ta ársins, eða dætra allann þann tíma þær eru heima: sætur. Evi mun best fara að fadir vetti móðurinni í

§. 18.

Það fyrsta, sem barnid á skilid at móður finni, er hennar brjóstamjólk, 1, 2 eda 3 ár eptir fringumstæðum og minna edur meira barnlagnadi, því hraust og heilbrygd kona gétur annast og alid á brjósti sér fleiri enn einu brjóstmylkíng um sinn. Þetta er náttúrunnar lögmal fyrir allt kvenskyn og berindi af öllum landdýrum, ei sídur manna enn annara dýra kynjum ⁸, og ef einhver stór naud-

öllu uppfóstri og uppeldi barnanna nauðsýnlegt lidfinni. Þ öllu falli virdist það helst ad taka til hans, ad kenna börnunum ad skrifa, skilja og lesa danska tungu, eda annad þessháttar, sem sómasamlegu uppeldi sambýdur á vorum dögum. S.

⁸) Vid þessa grein má það samanbera er sami rit: höfundur hefir skrád í Atla 21ta kapítula. Aldrei verður það ofstofad ad mædur ali börn sín á brjóstum sér, og alltof sjaldgjæft er þetta enn í landi voru, einkum meðal almúgamanna. Verður flestra fyrirbára sú sama sem Atla: „Ekki gétur hún Arnbjörg mín „haft barn á brjósti; hún hefir svo margt ad annast“. En þessa viðbáru ætla eg reynslan mundi best hrekja, því stutt stund er það, sem heilbrigdur brjóstmylkíngur er ad tæma brjóst móður sinnar, og tímatöf sú og þar vid orðid verksfall, mun meir enn ad fullu bætaf á annan hátt, vid værd barnsins og betri heilbrigði, bædi þess og móðurinnar. Almúgamanns konan, sem gánga þarf ad verkum tunanbæar og utan um heyannir, og máffé lífa utan þeirra, verður lífa ad hasa marga frá: töf vid barn sitt, ef hún vill reynast því umhyggjusöm

sýn hindrar móðirina þar frá, velur hún barninu stýnsfamega, hollustu búsmala mjólk, sem hún fær, og barnsins magi kann vel að þola. Þíssi

og nákvæm móðir, ekki síft þegar ímsar barnaveifjur, fróm og kvellingar óspekja það og banna því værd, hvað þó er alltidara á þeim bænum, sem forning nærast af kúamjólk, eða annari enn óhaganlegri sædu, heldurenn hinum sem brjóstdrekkar eru. Þannur víðbár: an er sú: að móðurin þolt það ei, að barnid sjúgi hana, vegna þess hún sjálf hafi lítið og lélegt vidur: væri; en þessi nær ei nema til þeirra fátækustu, þó af þeim væri réttilega viðhöfð, hvarum eg stórum es: ast; því esad sá, sem vid fátæki býr, ekki hesir nægis lega atvinnu sér og sínum, þó med sparnadi þurfi má: ské á að halda, þá er hann sannur þurfsamadur, og gétur vænt þess á vorum tímum að honum sé rétt hjálps arhönd, af þeim, sem betur meiga. Þitt er líka víst, að þó það ekki væri gjört, þá þarf þó hans nýsfædda barn á einhverju að nærast, og væri það sem til þess gengur, einfum þegar barnid fer að stálpast, lagt vid það sædi móðurinnar, sem hún annars verður af að lifa, ætla eg að sú brjóstamjólk sem hún lætur afkvæmi sínu í té, ekki muni gjöra hana midur máttar. Eg vil því hværki hafa ríka né óríka móður undanþegna að gegna því náttúrunnar almenna bodi, að móður láti afkvæmi sitt sjúga sig. Að eg hesi farid hérum fleiri ordum, kímur af því, að eg ætla þetta sé næsta árid: andi málefni, og eg vildi óska að allar mæður legdu börn á brjóst, til að stirkja egin heilsu, en uundirbúa hana, vört og vænleik hjá afkvæminu, máské í fleiri lidu. **S.**

eg konu, sem þókti mjög vænt um barn sitt, hún gaf því kalbann kúarjóma at drekka, sem mest það vildi vidtaka, enn barnid fór strax þar at kvodna. Konuna furdadi, hún leitadi ráða og fékk þau hjá nokkrum skynsömum manni, at sjóða stýldi blóðberg í mjólk, hleypa síðan mjólkina, og láta barnid drekka einufaman misuna volga, barninu batnadi strax og fékk góð þrif, því þá var ekki lengur ofbodid þess veikna maga, sem að þoldi ekki ofteiti rjómans, né hans ofsterku næring.

§. 19.

Barn í reifum kallast reifastráangi, er það skynsamleg meðferð á börnum, þegar þeim er lengi haldid í því stránga fángelsi á þeim tíma, þegar limir þeirra og lidamót þurfa ei síft frjálstrar hræringar. Þá þylkir nákvæmri móður reifaþúni oflángur, ef barn er ei komid í ruggu 7 náttu gamalt⁹, svo það gæti þar rétt sig og teigt, hneypt sig og velt sér, sem því er hægaft, því lætur hún aldrei ruggufót þreingja svo at því, at það gæti ei hæglega snúid sér. Hún bannar at rugga því mjög, heldur hægt og stillilega, svo því verði rórra við, enn þess höfund hverki vnglist né ringlist þar af. Þegar hún gæfur því fyrstu fot, lætur hún þau vera létt og þunn og ekki þraung um nein

⁹) Eg ætla höfundurinn sé hér of sljóthuga, að reifar megi algjörlega takast frá 7 náttu gamla barni, en mismunur er hvornin reifad er, þó reifad sé, og rétt hefur hann, sem optar, að mæla, að þraungar reifar séu heilsu barnsins hættulegar. S.

libamót, síst um mjadmir, hvartil framund-
ir þessa tíma dreingir hafa brúkad arlabönd í
stad bróflinda, að halda upp buxum. Þessi með-
ferð eykur bæði þrif og fjör sveina, og hid sama
mætti um yngismeyja búning segja, þó at klæða-
snibid sé ólíkt.

§. 20.

Módir er þolinmód við börn, og bídur eptir,
at þau mentist, frædist og síðist smámsaman. Hún
veit, at af börnum verður ekki fullordinn maður
í einri andrá, heldur dögum, vikum, mánuðum
og árum saman. Þó að eitt barn sé námsame-
ara og þægtra enn annað, fordast góð módir þá
skömm, at hafa ólnboga barn, því þegar hún hefir
öll þau fædt, ega þau öll jafna skyldu at henni,
til fjærleika og vorkunnar í brestum þeirra, og helst
á óvita aldri.

§. 21.

Það er bæði góð síðsemi, og líka langtum
hollara barninu¹⁰, at vera ekki sí-
etandi allan
dag, heldur að það matist aldrei fyrr en það
kennir sultar, og drekki ei fyrr en það kennir
þorsta; enn lángi það til matar í milli, gæfur
skynsöm módir því harða og þurra fædu enn ekki
ljúffenga. Jóh. Gottlob Krüger hefir vel skrifad
um mataræði og atbúnað barna, hann segir svo:

¹⁰) Það er auðskilið að hofundurinn talar hér um
börn, sem farin eru að komast á fót, árgamul og
þar yfir. S.

best er að venja börnin endur og sinnum við all-
 slags mat, vedurátt og atbúnað, og sýnja þeim eng-
 is þess, sem þau vilja, nema menn viti fyrir víst, að
 það sé þeim skadsamlegt. Með því að venjast
 ímsu, læra börn að þola vel, hvað sem að hönd-
 um kemur, enn þar með meiga þau ekki venjast
 mjög á nokkurn vísðann hlut, svo að þau kunni
 þess helður að missa hans án naubúngar.

Menn lofi þeim að vera úti í kuldu svo lengi
 sem þau vilja, helst sveinunum, eins þó þeir sé
 flæðlitlir og jafnvel berfættir í snjó, badast í fólðu
 vatni á sumrum. Þess á milli sé þau við mikinn
 hita, allt þetta, sem þau sjálf lystir, þaraf verður
 heilbrigt og hraust fólk, og þaræptir fylgir lángrífi
 og róleg elli. Vatn er börnum hollasti drykkur,
 eptir það þau eru af mjólk vanin, enn fæðuna gefur
 skynsöm móðir þeim optast harða og kalda, hún
 telur þeim eingvann mat óhollann, sem ei er með
 óhófi spilt. Miklar kræsingar og heitar, heitann
 og mikinn hversdags flæðnað, kyrrsetur við mikinn
 og jafnann hita, reiknar hún börnum óholt. Hún
 ann þeim að hafa jafnadarlega hræring, hlaup
 og leika og að svitna í leikfánginu, því það allt er
 þeim holt. Hún laugar þau fyrst í volgu vatni
 þegar þau eru nýklafin, nokkru þaræptir í hálfvolgu
 og síðan í fólðu, helst á sumrum, edur í hlýu
 húsi, þá verða þau herkin í kulda, og síðan aldrei
 hjartkjæl. Þetta skrifar Krüger.

§. 22.

Skynsöm kona forðast sem mest hún gétur
 alla ædru og allar ákafar sinnishræringar, þær þó

helst, sem alltid eru skadsamlegar, þessar eru: reidi, hrædsla, hrigd og kvíði, þær spilla heilsu hennar og kunna að hindra hennar tíðablód, þó eru þær óléttum konum [hvað skadsamlegastar], fóstrib hefir af þeim og jafnvel bana, sírax í móðurlífi. Góð módir barnelst gætir þess, að hrædsla og kvíði eru börnum stáðleg, hún fordast að hræða þau með grílum og reimleikum (§. 6.)¹¹, sem gjörir þeim myrkfælni og hugleysi; í þess stáð segir hún þeim dæmisögur af gæfu og umbun dygðanna, það loffar þau til að fýsast hitt enn fordast þetta. Hrædsla og kvíði spillir heilsu barnanna, því er það betra, þegar börn hafa unnid til hirtíngar, sem góð módir gjörir, hún leggur þá sömu sírax á, heldur enn að kvæja þau með laungum kvíða fyrirfram, sem eingöngu góðu veldur, enn þar í móti spillir gæðslagi þeirra, með því það eykur þeim þunglyndi og þverlyndi, og kæfir elsku til móðurinnar, langtum meir enn áginn sjálfur.

§. 23.

Þessar reglur gæfur hófráð Davies í hans „philosophische Sittenlehre“ um uppeldi barna í æsku þeirra: 1) Fyrst skýldu menn ástunda við barna uppeldi, að þau verði hverki vellystíngasöm ellegar huglaus. Mennt hljóta að hafa alla varúð við, að börnum gæfist ekki færri, að misbrúka sín skilningarvit edur frivilja. Þegar þau taka

¹¹) Þessa er, því midur, allt of óvída gjætt, allir draugar, grílur og leppalúðar ættu að gjörast hédan farflóttu, úr landi. S.

sér eitthvad fyrir, það sem ofþ líkar midur og þeim [er] skadlegt, þá hljóta menn að umþera með þolinmæði þeirra breiðfleifa, og aldrei brúfa hótanir eður vellystingar til at halda þeim þar frá, því þaraf verða þau annadhvert sællif eða kvíðasöm; á þeim aldri tjáir ekki at bjóða þeim skynsemdar sannfær-
 ingar, þar fyrir verða menn með blíðu viddtali at svegja géd þeirra sem best má takaft. 2) Sá, sem vill vel uppala börn, hlýtur með skynsemi at koma þeim á þá meining, at hann heimti ekkért af þeim, nema það, sem þeim er með öllum fanni til hins besta. 3) aldrei má maður at nokkru barni heimta neitt, án þess að útmála fyrir því þær orsafir, sem draga hann þartil, og af því, at þá ræður sinnid mest fyrir hvert barn, þá hlýtur maður at brýna þetta fyrir barninu, sem þreifanlegast verða má. 4) Men hljóta að stjórna svo athöfn-
 um barna, at þau venjist á, at taka sér ekk-
 ért fyrir, án athuga og umþurunar; at þeirra sinni, þánki og minni betrifst jafnan og styrk-
 ist; at hindra þau frá því, at þeirra vilji fylkist með ákafa í nokkurn hlut; at stjórna svo uppátækjum þeirra, at það verði þeim at vana, at fordast það alt, sem heilsu þeirra spillir, og at þeirra líkamir æfist í því, sem þeim er þarfast til fannrar gæfu, eptir standi og fjörum barnanna og þeirra ásigkomulagi, og síðan þar eptir at betra og skira þeirra skilning, þegar þeim ver aldur og hyggja. Þetta segir Davies *).

*) Þó það sem höfundurinn hefur hér eptir Davies sé sumt hvad ámoti öðru og ei allgreinilegt, þá má

§. 24.

Við alla mentun og uppræðing barna gættir þess góð móðir, at hún gæti fengið af barninu án nauðungar og kúgunar, það sem hún vill. Fáir fyrst börnin elsku á móður sinni, þá fordæst þau at straggja hana. Skynsemi, manndygd og siðprýði lofkast inni barnanna hjertu langtum ljúfar af fyrirmynd móðurinnar og öðrum góðum eptirdæmum, sem hún segir þeim úr helgum ritningum og öðrum góðum sögum, enn þó troðid sé uppá þau straungum siðalærdómum með hótan, höggum og harka. Krúger hrófar því, at gjöra spil úr stafrofs bókfösum, og síðan atkvæðum, svo börn kunni at læra lestur, sem leikfang, með skémtan og yndi. Það er gott ráð til at kenna börnum at leggja loftann á bóknám, at móðir láti þau stafa til hvers sem þau biðja um, og síðan kveða at stöfum, annars neiti móðir þeim, svo þau kveppi við at gæta stafad til breka sinna.

§. 25.

Það er Guds bod, at börn heidri foreldra, enn þá skyldu verður at kenna börnunum. Heidurinn er skuggi dygdanna¹². Svær dygdina vant-

samt af því draga þá reglu, ad undirleins og barnid sé komid til skilnings, sé ráðlegt, ad leida því med skynsamlegum fortolum fyrir sjónir hid rétta, góða og sómasamalega, því med þessu má vekja og styrkja greind þess, athygli og lofnagu fyrir sannleikanum og dygðe inni. Th.

¹²) Svafundurinn meinar hér, og það réttilega, ad

ar, þar tjáir ekki at leita eptir hennar flugga, og ei tjáir heidurs at vænta, nema til heidurs sé unnid. Þad sem Cicero kallar fullann og sannann heidur, þad fær góð módir hjá barni sínu, 1) at þau elski sig; 2) hafi eiginlegann trúnað til sín; 3) at þau lofkist til at trúa, hún vinni til þess af þeim.

§. 26.

Góð módir gætir vandlega at öllum brestum og ósidssemi barna sinna, því hún hugar þad, sem vísan segir: Betur hrósar sjálfri sér og sýnist frægri, dygðin undir áfýnd þægri, og allur henn-

dygdugt líferni foreldranna, og heidrun þeirra frá barnanna hálfu, fylgist ad, rétt eins og líkaminn og flugginn hans; því sé þad til einkis ad vænta og ósanngjarnat ad heimta ad börnin heidri glæpafulla og dygðarsnauda foreldra; flugginn gæti ei verid hvar líkamsann vanti. Þetta sannar líka dagleg reynsla. Þad ber víst fljaldan, og mér er óhætt ad segja aldrei vid, ad barna uppeidi sé á þeim bæum í nokkru lagi, hvar einhver læstur drottmar hjá foreldrunum; eg tek til dæmis, illt samlyndi þeirra á milli, illur og óvandur munnssöfnudur, drykkjuflark med öðru fleynu, og er þad af því ad þá gétur ei hjá börnunum stadið virðing fyrir foreldrunum, þar vantar því réttan grundvöll þeirrar barnlegu hlýðni, og börnin fara því, þad fyrsta þau þora og eru fær um, ad jafnkýta foreldrunum og standa uppi í hárinu á þeim, og breyta eptir egin spiltu hugarsari, sem enn meira er flémt af vondu eptirdæmi foreldranna.

S.

ar blóminn nægri. Hún kénir þeim, enn helst dætrunum, fallegann fótá-burd, stíltá, og þó ekki offeina eda hispurlega gaungu; handaburd síðsamann, og þó frjálkslegann, andlitsfall stödugt, málfæri stírt, stílt og audmjúflegt: þarimóti venur hún af þeim flyfs, mumparastjælur, grettur; hún lídur þeim ekki at tafsa, ekki at hlaupa á sídustu atfvædum orða, hvað M. Havemanus de educatione domestica fallar flestra barna brest í æfku, og varar hana lífa víd mörqu ødru látgædi, svo sem at barnid tísti vesællega sem titlíngur, eda mylgri í barm sér, einþog færingamenn. Módir lídur þeim ekki at tina, rita með höfði, setja á, stama, tala blest uppá einhvern bófstaf, ellegar í fverkar sér, at taka sér málabrellur, edur venjast ofmjög á einhvern víðþann málfhátt, þó nógufallægur væri at brúka um sinn. Hún venur af þeim alla kæfi, sem í einhverju ófrídka fas þeirra. Hún heldur þeim til at vera altdí bljúg, og framfæra ekki harkalega mál sítt, sem þeir, er boda stúlu fchandmönnum stríð. Hverki þeim né hjúum lídur hún manneida, blót, bölv, formælingar, hrafsþár, edur hótanir, heimstulegar strosögur um drauga, fylgjur eda svipi manna og þesfháttar. (§. 6.)

§. 27.

Engin Guðþjónasta er góð, nema stynsamleg sé; þes gætir hyggín kona, þegar hún fer fyrst at kenna börnum það, sem trúarbrögðunum vídkémur. Fyrst venur hún börnin á það, at hyggja nokkud at því, sem fyrir ber, og brúka þeirra stynsemi sem þau best géta. Þarnærst fer

hún at kenna þeim hið allra einfaldasta, at hura um Guds verk í sköpun þeirra sjálfra og allra annara hluta þeim til gagns; þetta gjörir hún jafn-
 ódum, sem börnin taka til at þekkja með nafni einn hlut frá öðrum. Í þessu verki varast hún vandlega, at láta þau merkja óþokka sinn, og enn heldur at gjöra þeim blygðan, þó þau spyrji hana allheimskulega um það, sem þau skilja ekki, því þaroid dofna vilji þeirra til at fræðast, og það þrykkir þeirra ímyndunargáfu. Þegar þau skynja þá, eptir tiltölu þeirra aldurs og hugvits, gæðsku skaparans og þau dáðst at henni, það er með öðrum ordum at segja, þegar þau eru orðin skynjandi sképnur, þá fer hún fyrst at kenna þeim at þekkja synd og naudsýn manna, Grelfarann Kristum og hans stóra endurlausnar verk, þetta alt sem einfaldlegast og þeim sem skiljanlegast, hún brýnir þá fyrir þeim þá inndælu skýldu, at elsta hann aptur um alla hluti fram.

§. 28.

Þegar börnin eru svo langt komin, sem áður er sagt, þá er fyrst tími at kenna þeim Drottins bæn og blefsunar ord, því þá kunna þau at biðja með eptirláangan, at fá það, sem bænin minnir þau á. Þau venjast þá á það, at biðja Gud með ihugan, enn ekki at lesa þá helgustu bæn og adrar bænic sem adra þulu — eptirþánklausu. At kenna börnum áu slíks undirbúnings — marg-
 or bænic og sálma vers, er vanhælgan Guds nafns og venur þau á skynlausu munnsflapur fyrir Gudi, það spillir þeirra sinniskröptum, sem eyðast til at

læra miðid buldur utanbókar og mælgj þá, sem barnid skilur ei betur enn klaufdyr edur flódyr, veit ekki heldur hvad það þylur og hugar aldrei til at fá það, sem bænin upptelur; barn skýldi aldrei læra það, sem það skilur ei undireins¹³.

§. 29.

Leikfáng og skémtun er börnum ómissandi, því þarvid styrkjast — bæði sinnisins fraptar, og heilbrýgdi líkamans, enu skémtan þeirra og leikur er í skordum, undir tilsjón móðurinnar, eptir barnanna aldri, kyni og standi. Þá skémtan leysir góð módir helst börnum, sem gefur holla og háskalausa hræring líkamanum. Ekki spillir hún skémtun barna med nokkurri noudung, því þá er það ekki skémtan lengur. Dákmörk leikfángsins ná svo

13) Þetta gétur nú verid réttgód regla vid náms- og skilnings- börn; en seint ætla eg megi byrja lærdómurinn hjá allmörgum, ef bíða á eptir því. ad börnin til hlýtar skilji allt hvad þau læra. Þau skilja, það þau læra, á sína vísu, eptir mælingu skilnings síns, og það sem numid er, verdur samt ekki ávartarlouft, þó réttari skilningur fái á því seinna. Eg ætla líkt gángi daglega fyrir þeim vörnu, og þessir munu sjálfir eiga ervidt med ad skilja, en þá heldur ad útlísta, sumt hvad af því, sem þeir hafa lært, vdrúvífi enn einsog börn, sem hafa það eptir, sem fyrir þeim er haft. Þad er líka andsed á 32ri grein ad hofundurinn ætlast til ad frædin séu kénd 6 vetra börnum, og uggir mig ad seft börn muni þó strax fá á þeim allstadar réttan skilning, einsog þau hafa verid og enn eru kénd. S.

lángt, sem sæmilegt er og syndlaust, ena aldreifaryfir. Þeirra tafmarka gætir móðirin alt um fríng *).

*) Það sem höfundurinn hér seigir er einkar áridandi. Eg hefi þekkt þau dæmin —, þó færri séu, sem betur fer — að sumar mæður hafa haldið börnum sínum í rúminu frammeptir öllum deigi, edur þá allann daginn, og svo dögum hefir skipt. En af því börnum er ónáttúrulegt að halda kyrru fyrir, þá hafa þau með þessu vanist á að róa framm og aptur og styttra sér dægur með einhvorju ólundarsaungli. Þorid hefur líka vid, þar sem fáum hefir verid á að stípa til verka, að börn hafa verid stílin eptir heima — annadhvört einsömul edur þá með einhverjum óvitanum — meðan foreldrarnir hafa geingid með fólki sínu til vinnu á engjar og stadið þar allann daginn, kannaðe langt frá bænum; af öllum saman þessu verda börnin, ef ei hálfvitar, þá samt opt veifluleg, mannaféluleg, ólipur og flapstyg. Eg veit að þetta orsakast stundum meðframmi af fátækt, þó maður laungum sjái að bædi uppheldi og annað fer betur fram á heimili fátæklinga margra, en sumra ríkismanna — enn þar sem orbyrgd veldur slíku, þá ættu foreldrarnir — heldur enn að syndga svo á móti Gudi, sjálfum sér og sínu eginn holdi og blódi, að leita úrræða til góðra nágranna, til sveitarstjórnarinnar edur til prests síns, sem einkanlega mun ætid finna sig knúðann til elsku vid börnin, og er eg víss um að þá yrði eitthvad til ráða með að útvega börnunum fót, ef þau eru svo flæðfá að þau komast ei úr rúminu, edur mat, ef þau eru svoang, edur víst um sláttu timann, ef meðþarf. Þessi nákvæma umhyggja fyrir börnum í æfku nær að víju bædi til fædur og móður,

§. 30.

Það er gallshýfi nokkurra mædra, at það má sýnast þær vilji, at börn fædist fullordnir menn; þær vilja aldrei sjá þau leika sér og síst menarnar, þaræð þó síðsamlegur leikur er það eina hér í landi sem nokkub ritir þá bresti, er dansarnir læfna hjá öðrum þjóðum, eptir því sem þær skrifa þar um. Slíkir fallegir leikar gefa mjúka og náttúrulega limaburði. Þessar fornestju konur kúga menarnar til at hánga jafnan við leidinlegar luntasetur og ólundar handastól; þær láta þær stafa og stauta heila edur hálfu daga í senn, enn stundum drúlda yfir einhverri vinnu, sem barnið er ekki búid at læra. Þetta ómannúðlega uppeidi spillir bæði sál- ar og lífs kröptum, það gjörir börnin þunglynda og illgédja eptirmynd slíkra mædra, enn stundum leidir það slíksí meynanna í freistni; þegar móð- irin er sem fúllýnd norn, harðráð og ómjúf, þar sem hún skýlði ávinna kjærleik barnanna, þá verða menarnar at leita sér annarstadar yndis. Þegar nú það óleyfilega yndið býðst, enn ekki það rétta, þar sem þess væri þó helst at vænta, kann það fella góða stúlfu í freistni, og er það skuld hin- ar óskynsömu og ómildu móður.

§. 31.

Hérímóti heldur skynsöm og mjúklýnd móðir betri reglu við börn sín (§. 27.), hún leyfir þeim

enn þó mun á þeim aldri ei minnst undirfomid nærgjætni og nákvæmni móðurinnar, og vilji ei fadir; inn bera sig upp, þá er það skylda móðurinnar. Th.

at leika sér, og svo litla stund í millum sitja við bófalærdóm, ekki ódrúsi, enn sem skiptist um og þau taki upp annan nýjann leik, sem þau sitja við ekki lengur, enn þángad til þeim leidist. Þá kómur þriðji leikur, það er eitthvæð það, sem þeim hæfir með höndum at gjöra, eptir þeirra standi og foreldrunna. Þegar meynarnar eru 12 vetra, edur og nokkud fyrri, eru þær settar til handyrda, með varanlegra atfylgi enn áður, og þá undirbúast þær líka til stadfestingar í skirnaráðinni, enn þær vandari handyrdir bíða optast eptir Konfirmationinni.

§. 32.

Þegar börn hafa fengið fullt skyn, byrjast þeirra bóklestur, sem varir eptir því, sem barn er næmt til; þar við situr barnið þrisvar á dag hálfann tíma (§. 24—30) og þá þykir vel gánga, ef barn hefir lært ad lesa, þegar það er 6 vetra. Þar eptir fer það at læra Lúthers Katekismus, sem vér kóllum fræði, af bókinni hlýdir móðir því yfir og kénir því ad skilja meininguna um leid, ransakar altid nærsta dag eptir, hvert það hafi ei gleimt gésinni uppfræðingu hins fyrra dagsins. Þetta gjörir hún árla hvers morguns, ámedan sinni þeirra er skarpast og áðurenn það fær sinn morgunskatt. Af því kristinnómur er blefsunarbrunnur, þá brýnir góð móðir einkanlega fyrir börnum, at kunnast jafnan við Guds gjæðsku í öllu og dáðst ad henni með þakklátri audmýkt, ad hans miskun sé ætíð fyrir augum þeirra (§. 27.) Sálm. 27, 3. Hún spyr smábörn úr lestri og prédikun, stundum dag-

inn eptir og leggur út fyrir þeim það þau hafa munad, svo þau venjist við at æfa bæði minnid og skilninginn, helst í andlegum fræðum og helgibólum. Þegar módir bordar fyrir þeim, lætur hún þau bidja til og frá bordi með venjulegum bordfálmi. Hún heldur þeim sem optast hjá sér, og frá folli annara ósidugra manna *).

*) Bóklestur byrjist undir eins og barnid hefur feingid mál, hvad sem svo skunbragdi þess lidur ad öðru, eru þá börnum fyrst sýndir bókfásir og hagam svo til ad þeim gæti verið það til gamans, án kynunar edur mikillar fyrirsetu, sem og vel má tafast, þegar nógu snemma er byrjad; á góðum lestri ridur mest, og effétt barn ætti ad byrja ad læra Kristinnndómsbókina fyrir ent það er orðid læst; Til ad venja þau á gott lestrarlag er vel tilfallid ad þau lesi hátt í milli, svo margir hlýði á, fyrst einhvorjar skémtilegar bækur, og svo húslestur þegar þau verda fær til þess. — Engi skyldi láta börn sífeldt lesa andlegar bækur ringaungu.

Hvad málfæri barna vidvíkur, þá ætla eg það mjög skadlegann vana, sem þó vidda vidgeingst, ad brúka vid þau tæpitungu, en það mundi affarabest ad mæðurnar, edur foreldrarnir yfirhófud, vildu sem fyrst tala vid börnin skýrt og hreint eins og vid fullordna, og lida eingum annat. Meynslan hefur sýnt mér, ad þar sem almenningur svo opt kénir það málsbrestu ad börniu séu et ordin lesandi, þá kénur það stundum af eingu nema vana í barnæsku, af því hinir eldri hafa alltaf hermt eptir barninu, í stad þess ad fylgja náttúrunnar leidarvísir, sem ætlast til ad barnid hermi eptir hinum eldri og læri svo af þeim. — Eg hittu einusinni 12 ára

§. 33.

Góð móðir segir börnum smámsaman það merkilegasta af sögum heilagrar Ritningar, fyrst um flöpun heimsins, og síðan fram eptir öldunum til Frelsarans hingatburðar; þar eptir allra helst af vors Laujnara högværðar og ljúflýndis umgengni hér á jörðunni, af hans mannelstu og meðaumk- an við alla nauðsyn manna, af hans guddómlegu fraptaverkum, sem hann þó aldrei sýndi nema mönnum til hjálpar, og sýnadi hennar aldrei nokkrum þurfandi, sem hennar leitadi, jafnvel þó væru heidnir menn og stundum vondir og óþakklátir. Huggin móðir fræðir líka börn sín hið einfaldasta um uppruna vorrar þjóðar og Guds forsjón yfir hag vorum; svo sem til dæmis: vort land var lengi í eyði, vorir forfedur grimmir heidningjar, sem idkudu mannablót og marga afflæplega lesti í trúarbragða skyni. Þeir fengu nokkud ljós frist-

gamlan úngling, og skildi ekkert orðid þegar hann las „Fadir vor“ og héldu flestir að hann mundi aldrei verda talandi — honum var komid fyrir hjá skynsömum manni, góðum og stíltum, og taladi svo, að þriggja vikna fresti, að vel mátti skilja; honum hafði verið, einsog opt viðber, seint til máls, og verið vanin á tæpitungu, og þegar hann heyrði aldrei annað fyrir sér heima, hafði hanu ekki reynt að komast að ordunum, og þekti þau varla. — Það er einfargóð regla, sem höfundur væður til, að láta börn leysa úr spurningum, og hefur skynsöm móðir það fyrir gaman, þegar börnin eru fríngum hana, að æfa skilning þeirra með þessu móti, ekki einungis í andlegum heldur líka í veraldlegum efnum. Th.

innþómsins þúsund árum eptir Krists fæðing, svo þá astókust mestu fordædur. Hálft hid sjötta hundrad ára leid enn þángað til menn fengu hér hreint Guds ord, og skæði það fyrir umfögun vorra Konunga í Danmörk. Síðan hafa Dana Kóngar hverki sparad umsoif né stórfé til að auka bæði andlega og líkamlega farsæld vora.

§. 34.

Hérvið kunna vel að bætaf þæmi úr öðrum göðum sögum, hverninn manndygdinni fylgir optast luffa, enn einkanlega gleði, fagnadur, göð samvitfka, von og traust, hvað fem að höndum ber; aptur hver skömm og skat; ángur, órói og ill samvitfka löstunum fylgi og heimfkunni, og ámedal þeirra leidir sérþótti og drambsemi vest af sér, þegar börn venjast þartil úng, því þá finna þau hverki til þeirrar skyldu, fem Skaparinn ellegar náúnginn á að heim. Þegar göð módir fer þægilega og fnoturlega að þessari uppfæðing, innrætist það börnunum með skémtan og myndi, að hata lestina, enn elfka og adhyllast dygdina. Þessi leidarvísir til dygdanna er öllum börnum þarfur, af hverju helst standi eða kyni fem þau eru, enn fátækum meybörnum, fem fæðast og flæðast á idju sinni og þurfa mest að læra verksháttu og húsfjórn, er ekki ráðlegt að leggja mjög fyrir sig bóknám, svo annað þarfara órækist ekki þarfyrir.

§. 35.

Standi barn til arfs og audæfa, lætur móðirin lítid yfir því, svo það læri að meta alla

menn fyrir sína bræður og Systur, sem allir eiga einn fædur, þarfyrir viti, þau ega at vera sem flestum til gagns eptir megni. Svo ad börn venjast á ad vera brjóstgöð og meðaunfunarþóm, líður þeim ekki göð móðir at drepa, edur þó enn síðnr at kvæja nokkud meinlaust kvikindi, og ekki heldur ad drepa þau skadsömu kvikindin nema sem sljótast og með sem minstri kvöl. Hún kénntir þeim, ad það er glæpur og illsta, ad skénta sér vid kvöl nokkurrar sképnu, því at mistun Drottins er yfir öllum hans verkum.

§. 36.

Handyrdir kénntir móðir meyum, sem standi þeirra sámir, og þær, sem hún kann skynsamlega at vænta, at þeim megi síðan á þrosta aldri at gagni koma, þegar þær hafa fengid mann og ega húsi at stýra, því kunnátta sú sem ekki gagnar, vegur jafnt' vid þá vankunnáttu, sem ekki skadar¹⁴. Þegar stand og svo fjárhagir stúlkunnar boda það, at hún kunní ei, nema meðan hún er ógipt, hafa gagn af handyrðunum, enn síðan verða

¹⁴) Eg vil meina, ad nema eigi allt, sem særi er á ad nema, og ad gagni gétur komid. Svære meyunni bjóðst nokkurt særi á ad nema handyrdir, má móðurinn vera ljóft, en hitt er henni óljóft, hvort dóttur hennar muni ei gæta haft gagn af kunnáttu sinni eins hvortíma á æfinni, og á hún þá ekki ad sitja henni í ljófi fyrir því. Svör er sú þekking nytsemdar: verka sem ekki gæti gagnad? og hver er sú vanþekking þeirra, sem ei gæti skadad? S.

at hætta við þær, og vinna sjálf einasamann búvinnu, þá er það spjöll á ráði stúlkunnar, að hafa lært þær heldri konstir, enn ei hitt, sem síðan mest uppbyggir hús hennar, og gjörir það hana að æfinlegum þursamanni þeirra, sem síðan vilja leita sér þraktar af annara kunnáttu, og með því móti vinna þær handyrdir sjaldan fyrir fæði þeirrar sem gjörði. Það er hér athugandi, að hafi mærin unga miklar hugvitsgáfur til vandra handyrda (og másté minni til almennilegs ervidis) þá er skynsamlegt, að drepa ei þeirri gáfu nidur, því hún kann at verða luffu vegur meynni og bæði henni og öðrum þarfara. Þær eru handyrdir bestar, sem best forþorga, ef þær eru þarfara, enn ei ginningsa alingur. Hér verður nákvæm móðir at ransaka náttúrufar dóttur sinnar, svo hún velji henni þá ydn, sem mærin er lundlögnum á, þá hefir mentanin langtum betri framför, þá fylgir verkinnu lyst og yndi; þá er og meiri luffu von, er menn fylgja náttúrunnar og Guds kállan. Sé mærin ekki sinnud til handyrda, þá er henni lítil gæfuvon at kúgast til þess, sem henni er fjærri gæði, jafnvel þótt hún væri af herra standi, og má hún samt verða dugleg, og forþöndug húsmóðir, og væri þá best hún vendist til þess strax á unga aldri; ber það opt við, at bóndi hennar verður sællri maður, enn hinnar handyrda konunnar, sem hvergi gjörir gaqn, nema inni á palli*. Natar og ullar meðferð gób, samt

*) Seinasta greinin í þessum §, sem endar hann og kómur hér á eptir, auglýsir höfundarinn sonnu meins

dugleg og forsjál húss umhyggja gjörir helst góða og þarfa bústýru; enn kunnni konan þetta og handyrdir líka, þá er hún því betra kostakvendi.

§. 37.

Handyrdir falla eg hér allann vefnad, sauma og ísauma, sem taka fram almennilegri bænda-búnadarvinnu, hafa þær margar verid að fornu, sem nú eru aslagðar, enn sjást þó endur og sinn-um á gömlu tagi, nokkrar eru gamlar, enn haldast þó við og gjörast enn á einstaka stöðum. Þó eru og nokkrar nýkomnar í brú, og eru þær allar frá Dönum komnar fyrir fáum árum, annadhvert kendar voru kvensfólki af dönskum konum, ellegar vorar konur hafa sjed fyrir sér danskar handyrdir, og numid þaraf án tilfagnar.

§. 38.

Nokkrar eru þær eljunarsamar og þrifnar hússmædur eða búkonur, sem svo eru vandfýsnar við dætur sínar, at þær vilja effétt búverk af þeim nyta, þegar þær verda varar við einhverja gleimstu, eða smábrestu hjá þeim yngri, þar fyrir gjöra þær alt sjálfar, og hinar koma hvergi nærri og læra því enga bunnadar atferð. Sér med fylgir það, at þegar úngur bidill vill fá sér væna konu, og leitar helst dóttur þeirrar, sem hann veit vera ei síður forstanduga enn duglega og þrifna hússmóður, þá rekur hann sig á það í búskapnum, þegar

íngu, og eptir því vrrdur að laga eður taka það sem hér seigir á undan. **Th.**

hjá honum gylða skal, at hans unga kona kann einga atferð móður sinnar, svo hann fær þá mein-
ing, og það ekki at orsakalausfu, at bestu búkvenna-
dætur séu jafnan boð = börn. Sú er barnkona og
búkona best, sem best sér fyrir öllu því, sem gjöra
skal, en lætur það framgengt verða með höndum
þeirra yngri; þær sömu læra þá með því móti
bæði ráð og atferð húsmóðurinnar ¹⁵.

§. 39.

Barnfóstru þarf, hvar úngbörn eru, þær
rækta börn og þrifa, enn ekki gefa þær þeim að
sjúga sig hér í landi, heldur það fæði, sem móð-
irin leggur þeim. Hér til brúkast opt gamlar
kérlingar, og má það vel vera, ef at þær eru
þrifnar og heilbrigðar, þó skýldu þær aldrei tigg-
ja í börn, allra síst ef at þær eru holdsveifar,
brjóstveifar, edur með öðrum sjúkleika, það kann
at verða barninu banvænt, þegar hennar munn-
vatn kemur í maga þess. Hér er skynsemi og
athugi móðurinnar nákvæmur, at vel sé við barn
gjört, og einginn til þess tekinn at fóstura þau,
sem börn læri nokkud ílt af, því börnum verður
opt vel við fósturur sínar, og taka mjög eptir þeirra
hjali og frásögum, sem stundum er ei annað enn
hjátrú og heimsta, bögumæli, baktal eda kersfni,
og þetta loðir opt leingur í barns minni enn
skýldi.

¹⁵) Þessi grein virðist að réttlega hefði átt sæti,
næst eptir 18 grein; en eg hef í engu viljad raska hóf-
undarins skipulagi í ritgjörð hans. S.

§. 40.

Íslendsk húsmódir hefir optar á höndum ull enn lín, því ullin er henni heimafengin, enn ekki línid, og eins og ullin er þarfasti hlutur í búí manns, svo er ullarvinnan eitt af þeim þörfustu verkum húsmódurinnar; þaraf klædist allt heimilis fólkid, bæði hid eldra og yngra, og þaraf gjör- ist kaupeyrir, helst innlendskur, til sjósidunnar¹⁶. Forstöndug húsmódir fordast, að gjöra mikid at

¹⁶) Því er æ verr og midur að tövinna virdist að gánga mjög svo til þurðar hér í landi, einkum sunn- anlands. Norðanlands er ennþá tölverdt unnid, til innanlands höndlunar og fiskikaupa hér sydra og vestra, en það er æði misjafnt orðid að gjædum, og er það ekki að undra, þegar lítid er til þeirra háu ullarprísa, sem haldist hafa í nokkur undanfarin ár, og þeirra lágu klædaprísa hjá kaupmönnum, sem nú eru farnir að tíðk- ast. Þeir forri gjöra það að verkum að vinnuárdur- inn verður lítill, þegar efnid er dýrt, nema dýrri sé sett; en þeir síðari standa því í vegi, af því sjáar- bóndinn einnsvel vill kaupa tvíbreidd rívdalsklædi litad, sem einbreidd frekjuvadmal, illa tætt, enverr ofid og óþæft og ólitad á hálfan dal. Í raun og veru er það háa ullarverd aðal meinið. Eg held það sé landinu skadlegra en í eda 2ggja ára hardindi, því við það drepst niður smátt og smátt, það lítid við komnir vörum í því að vinna sjálfir utaná okkur. A fyrri dög- um gátu forfedur okkar fengid sonum sínum, frændum og vinum fleiri hundrud í vöðum, sem farareyrir og kaupeyrir til útlanda, og var það umfram það er þeir

gröfu þrjónlesi til utanlands höndlunar, þar við spillist mikil ull, og tíminn endist óþarflega til þess verks, sem aldrei fæðir vinnufonuna, og er þó lítt útgengilegt, svo einginn óvesæll vill brúka það innanlands ¹⁷.

§. 41.

Hússmóðir skilur sína ull eptir gæðum, og hlytir traudlega vinnufonum þar til, nema velrenndar sé. Þá býð er að rýja féid, er ullin þvegin (því mjög fáir láta hér þvo fé sitt með rúinu), síðan er hún geimð á þurrum stað í hrein-

þurfru sér og hjúum sínum til klædnadar, en þótt að líkindum fleirum hafi þá verið að fá, enn nú á dögum, enda munu færri skipsfarmar af ótættri ull þá verið hafa fluttir út úr landinu, en nú skédur; kallmenn munu þá líka á vetrardegi heldur lagt hafa höndur ad töverki enn effétt ad gjöra. S.

¹⁷) Vid sjóarsíðuna sérilagi og ad nokkru leiti líka til sveita verður þó hússmóðurin ad annast um, ad svo mikid gjörift af sjóvetlingum, ad vinnumenn hennar hafi nóg til ad róa vid. Þetta játa eg nú ad sé ardlitil tövinna, en hennar má ekki án vera, og það verður ad adgjætast ad til hennar þarf ekki annad enn únglínga og ómaga, og þartil fer ekki annad enn haustullar hnak, sem valla er dugleg kaupmannsvara, og þó ætla eg, ad þegar býid er ad róa vid vetlingana, fáist fyrir þá ríflega ullarverdid. Sjá vil eg þá vinnufonu hér innanlands, sem med eintómum þrjónasam, þó ekki sé á tasi, leggur mikid á bórd med sér. S.

um ílátum, þá er af allri ull táb tog frá þeli ¹⁸, nema þeirri, sem til vadmáls er ætluð í þonstum vefstól ¹⁹. Það besta og mjúkastu þel er fráskilid til

¹⁸) Ad hofundurinn einungis tali hér um heimilisins vinnuull, er audskilid, því hvorki er vennjulegt ad taka ofanaf kaupstadarull, né ad skipta henni eptir gjæðum, þó er ekki með því sagt, ad hvorttveggja væri ei æskilegt. Því er æ verr og midur ad kaupmenn vorir gjöra, í ullarinnar tilliti, engan greinarmun góðs og ílls, því ef þeir gjördu það, er þess all von, ad ullarverkunin mundi batna; gjæti þá og svo farid, ad það væri tilvinnandi, ad taka ofanaf allri kaupstadar ull, og setja hvað sér, þel og tog; En þá væri til þess vinnandi, ef verkalaun nokkur fengist í ullarverdinu. Þó yrði bóndinn þá, ef nokkurntíma til þess kæmi, ad koma sér svo smámsaman fyrir, ad ullin væri ei kaupmönnum í höndur seld, samsumars, sem hún er tekin af fénu, svo haust; og vetrar; tími yrði brúkadur til ofanastekningar. Það er uggandi, eptir sem nú áhorfsiðt, ad ótérleg verkun og meðferd ullar vorrar, gjöri hana bráðum ad öllu óútgengilega, því Nordur-Ameríku búar hlaupa nú með sína ull, hvervetna í kapp, við kaupmenn vora, sem mega sitja á hakanum; því þó Ameríku ull sé engi betri enn vor ad gjæðum, og allteins togmikil, er hún þó svo hrein og vel um vönduð í alla stadi, og sundurgreind eptir gjæðum, ad sér hvör kaupandi veit hvað hann kaupir í henni, og ad hann kaupir hvorki sand né saur, sem því midur allvíða hjá oss. S.

¹⁹) Eyo er ad skilja í þessum ordum Síra Bjarnar sem og á S. 42. ad það, á þeim tíma ritgjörð þessi

Þessi ullarverks, sem best skal vanda; optast nær er öll ull unnin úrvalin, einlit, hin styrjótta ull er samankémd, nema ætlud sé til fortulitar, þá spillir ei þó mislitt og bröndótt sé; enn þá greiðir bóndinn fyrir konu sinni, ef hann geymir þess eptir efnum, að ala heldur upp einlitt enn flekkótt sé, helst gelda saudi, hvaraf von er bestu ullar. Einlita ull saudsvarða tekur hússfrena til hvers dags utanhafnar fata vinnufólki, svo að íslendiskur sortu litur gjöri þau fót hverki slitverri né kaldari, á meðan alt fólk vill móraudann svartann flædnad syngt og heilagt. Einlita — mórauda ull lætur hún vinna til innri fata, sem eru þeifur, burur, sokkar. Einlit grá ull brúkast eins og móraud, og hvertveggja þeirra stundum til vesnadar. Einlit hvít ull er brúkuð til flestra tóverka. Sú besta brúkast til skirtu = dúka og smábands nærflæda, er síðan brúkast annadhvert með sínum lit, edur umlitast, svo þau verði þörkud, moslit, blá, græn, gul edur raud, eptir hentugleikum, því fleiri litir brúkast ei hjá almenníngi, eru ekki held-

var samin, hafi ei þótt vogandi, að láta þelvadmál eda smágjörvar vöðir í danskan vefstól. Það er ei heldur að undra, því danskur vefstóll hefir valla verið hér í landi, fyrri enn 1752, að flædasmidjan hófst í Reykjavík; Þáfa því fáir lengi fræmptir kunnad með að fara, þó, einstakir dugnadarmenn, sem Síra Björn, hafi haft hann í húsi. Nú lætur hússfrenan taka ofanaf vinnu ull sinni, eda þá vinna hana upp með öllu saman, alle eptir því, til hvers hún ætlar vöðina, sem gjörast á. S.

ur ennþá kændir af Töndskum efnum, og brúf-
ast þó mjög sjaldan einlit gula á fótum.

§. 42.

Þau verkfæri til ullarvinnu, sem Danir hafa
híngad innfært, eru svo miklu betri og greidlegri,
at hvör forsjal húsmódir, sem komin er at raun
um þau, vill þau langtum heldur brúka enn hin
gömlu, sem formædur þeirra hafa forðum fært
med sér híngad frá Noregi, þegar flest allar konst-
ir Normanna voru næsta því í barudómi sínum,
edur lítid lengra komnar fram á leid, hverja at-
burdi þeirra nidjar myndu nú ekki nýta vilja.
A medal þessara eru nýir vefstólar, sem danflir
hafa ként oss at brúka ístadin fyrir uppistödu vef,
spuna-rokkar, ístadin fyrir snúda og snældur, og
margt fleira, og er meiri góð von, at þetta og
fleira gagnlegt, verdi langtum algengnara, enn híng-
ad til er skéd, og at fleira þessháttar komist í brúf-
un hjá almenningi, þegar þeir setjast at búrád-
um, sem nú alast þar upp, sem þeir sjá fyrir sér
þá nýrri og betri adferd ad læra hana.

§. 43.

Litunargrös og mofa, líng og sortu brúkar
búfona hver eptir sínni kunnáttu, og þarf hún
litgrösin ad þekkja, þau, sem hún kann at fá
í landeign sínni, edur granna sínni, þegar þeir
lensfa þeirra lestur; verður hverju þeirra safnad
best, þá grös eru í blómstri, og mosar frjófastir,
samt birki, ámedan flógur er í frjófu laufi, og
þad er á súdverdu sumri, enn sortu tekst þá sterk-

úft, nær þeli er nýfarinn úr jörð. Þarfar sakid nær framundir Bartoloméus messu²⁰. Þor- tími og öndvert sumar er hentastli litunartími, þegar lopt er hreinast, ef at litur skal fagur verda, helst raudur eda gulur; þá er og hægast at fá nóg eldsneyti og þerra, at fá þurkad nylitad töverk.

§. 44.

Hvergi er það komid hér í brúkun, ad klippa fé tvísvar á ári, og ei heldur hitt, ad þvo það med ullinni (§ 41) ádur af því sé tekid. Húss- freya lætur athuga, nær því sé fyltd²¹, fyrst gömlum sandum, þá gémlingum, enn síðast ám, og lætur hún rýa jafnóðum sandfé, sem það fyldist, þegar vorkaldi er í sóiun, því annars slæð- ir féð ullinni; þá lætur hún þvo ullina sem fyrst (§ 41) og þurka vel, er þetta vorverk, geymist

²⁰) Barthólómeusmessu er 24da dag Augústi má- nadar, því er æ verr og midur, ad mosun, þorkun og sortulitur á fatnadi leggð mjög af í landi vorn. Næst- um allir vilja blálitadir vera, þó tilfaung til þess séu fengin hjá framandi, undir hvorja vid í öllu viljam vera stattsýldir, þó ei skorti innlend litunaresai, ef vid kynnum med ad fara. Sortulitur gjærdi ad sonum söt aptur halditil, vegna arsins etandi undirskodu efnis; en þenna þess stadlega frapt, hefði ad visu mátt deyfa, án þess ad hætt væri vid sortulitinn, og er tlf þess þegar bendt í Klausur = pósti fyrir árid 1818 bls. 121 og ff. S.

²¹) Þetta atti nú ei sídur ad athugast af húss- bónda enn hússfreyu. S.

svo ull vandlega til veturnáttu, nema hvað af henni verður selt óunnid, enn það er því minna í húi hverju, sem húsfreyja er forstandugri.

§. 45.

Svo að allt megi reglulegar og betur framganga í búvinnu, tekur húsfreyja vissang tíma vetrar til hverra tóverka (§ 40). Eptir veturnætur er fyrst táid ofanaf ull, fær hver vinnukona sinn skamt edur øtlun á dag, enn önnur ullarvinna er skemtud, svo hver kona fái sitt vikuverk á mánudags morgun, sem hún skilar aptur á laugardags kvöldi, og fær þá hver þeirra sitt hros, minna edur meira, sem þær hafa unnid til. Nær tog er táid og kómbt, þá er spunnin þrádur, og haustull líka, lætur húsfreyja því verki lofid á jólum edur með þorra, þá er jafnóðum unnin vestur og undireins og þarnæst þrjónaband. Þá er líka vefnadar tími; um leid og síðan er bandles þrjónab, og nær sú vinna til sumarmála, þá verður bædi vadmál og þrjónles til takk, er vinnufólk skiptir um vistir, svo hvert hjú fái þá skyldur sínar í tækann tíma. Utmánadir frá midjum vetri, sem er frá þorra komu og allt fram til hvítasunnu, eru handyrda tími húsmóðurinnar, þá er sólfar meir enn fyrr, og hjartara lopt til vanda verka, þá er og svo hentugur mentunartími úngra meya til sauma, útsauma, útþrjóns og fleira þess háttar. Þó vinnur aldrei forsjál húsmóðir það fyrir sauma sína, at hún gleymi því, at sjá eptir öllum kvenna verkum í húsum sínum, hún gætir þess jafnan, at ekkert fari aflaga edur

gálauslega, sem skadi megi af verða. Þegar handyrðastúlkur eru kostgjæfnaðar í nokkru vanda verki, og láta mentast, þá fá þær nokkra litla gáfu, sem þeim er þarfleg, en hinar, sem dofnaðar, gleymnar og gjálftar eru, fá alls ekki, fyrr enn þær vinna til at nýu.

§. 46.

Yfir vinnukonum hefir hún alvarlega og þó högværa stjórn. Húsmódir hefir gætur á því, at skipa aldrei ómöguleg eða ofur torveld verk. Hún bæði vill og þarf at vera heidrud í sínu húsi, enn það spillir bæði vörðing og fjærleika þeim, er hjú eiga húsbændum at sýna, ef þeir gæta ei at, hvað tafast má, áðurenn þeir skipa verkid.

§. 47.

Vinnukonum gefur húsmódir ull og tómstund at vinna sjálfum sér fót til handa og fóta, og af því at hver þeirra hefir það hjáverk, at þrifa fót tveggja karlmanna og stundum einhvers únglings at auki, þá gefur hún þeim tíma til þess og efni, hvert heldur þarf at þvo edur bæta fót þeirra manna. Þar at auk fá þær sér til góða vifur fyrir hverja af þeim þremur stórhátidum árs, at vinna þá, hvað þær þurfa fyrir sig sjálfar. Aldrar húsfreyur gefa vinnukonum frí hverja laugar-dagskvöldvöku í vetri, íftadinn fyrir nefndar 3 vikur²². Allann annan árstíma skilur húsmódir sér af vinnukonu dyggva og duglega þjónustu, með

²²) Þetta kalla eg nú betri reglu enn hina. S.

hógværri og stíltri alvörugéfní vandar hún um, þegar vinnufonur reynast óþrifnar og hyrdulausar, enn nokkud skarplegar, ef hún finnur óhlýdni þeirra, þrá edur ódygd, og vilji þær þá ei betur viðskiptast, vísar hún þeim frá sér at nærsta skildaga og tefur adrar í þeirra stad.

§. 48.

Góð húsfreya breytir aldrei háttum, nema þar sé nauðsyn til, ellegar henni reinist annað betra, því hún er hverki nýngagjörn, né þrálynd (§. 18). Eptir ársins tímum heldur hún þessari verkastlipun, frá nýári framum sumarmál er ullarvinna á höndum kvenna, þá kémur þvínærst vallarvinna, ræft og þurkan eldsneptis, vøftun á saudar með lómbum, þá er litad hvað lita þarf. Strax með Júníó fer jörðin að gefa af sér grænar maturtir ósánar. Húsfreya nýtir það af úngum börnum, at þlokka þær og lesa, síðan lætur hún fara þær og matbúa annaðhvort strax til matar, edr solta þær og fergja til geymslu og vetrarþyrgha. Þessu heldur hún fram svo lengi, sem hver maturt er ekki í blómstur komin, enn lengur nýtir hún þær ekki til fæðis. Nokkrar af þessum urtum gefa henni efni í sælgjættis rétti, jafnvel fyrir heldri menn, og þó útlendskir væru. Nokkru seiuna er hjá henni safnad fjallagrösum, kornsúru, geitastóf; það alt geimist vel þurt svo lengi menn vilja fram á vetur. Bækninga oa kryddurtir lesast þá þær eru í blómstri og geimast síðan þurkadar, þær sem þurk þola, hinar tilbúast og brúkast svo síðan eptir þörfum. Hérnærst koma heyannir, sem standa

yfir 2 mánuði, og eru þar allir við, fallar og konur. Ut þeim aflofnum lætur húsfreya sulda og sauma fót fyrir heimilisfólkið, svo þau sé alþúin, fyrir enn vetrarkuldi kómur; þá kómur sláturstími og lætur húsmóðir vel þrifa og umbúa til geymslu. Um það leiti eru maturtir tekna upp úr sædgörðum, saltad og saxad kál, og svo um hvert aldini búid, sem hentast þykir til geymslu. Kúmeni er þá safnad, er fræ þess er brúnt og fullorðid og eins öðrum gardsfræum til útsáðs síðan. Þá tekur ullarvína til með vetri, og varir árid út.

§. 49.

Fyrir utan nærstalda verkaskipan eptir ársins tímum, heldur húsmóðir góðar hættur og reglulega í sínu húsi, nema nauðsyn banni um sinn. Um miðjan morgun klæðast konur edur litlu seinna, fer þá hvar til verkis síns, enn ráðskona til mjólkur búverka helst á sumrum. Í það mund fá sláttumenn fyrri skatt. All mjólkur verk eru unnin fyrir dagmál, því annars þykja aflægis hættur, ef at stendst á strokkur og mjaltir. A dagmálum er mjaltatími og strax þareptir morgunbænahald ²³⁾ því þá gétur alt fólk hentuglega ver-

²³⁾ Líkast þykir mér, að það aldrei hafi verið tíðskanlegt hjá almeunungi hér í landi að halda húsfrestra bæði kvöld og morgna, árid umkring; því er þess í æfi Síra Bjarnar víðgætid, sem óvenjulegu á þeim tímum, að hann hafi haldið þessum gudræknisvana; hó vissi eg, fyrir 40 árum síðan í húsi Síra Bjarna Arngrímssonar á Melum, húsfrestra tíðkæða bædi

id til samans bæði karlar og konur. Þarnaerft tekur alt fólk sinn morgun skatt, sem hússfrena lætur þá til vera, svo engin þurfi at teffast né bíða matar síns; þó gæstfæmd og frammiðdur fyrir ríkismönnum, gjöri stundum háttabreytni, þá veit hún, at erfidiðmadurinn má ekki þess gjalda, né missa sultinn matmáls fyrir annara yfirlæti og vellýstingar; hún gæfur hverju hjúi sinn mat í réttann tíma, síðan fer hver til sinnar vinnu, og stendur eða situr þarvið til nóns, þá lætur húsmódir falla allt fólk til dagverdar; þá er þareptir vinnutími fram til náttmála, sem eru kvöld mjaltatími, og eiga búverrk eins at vera unnin fyrir náttmál at kvöldi, sem fyrir dagmál at morgni. Þarnaerft er kvöldbænahaldstími, og at því gjördu taka menn kvöldskatt, fara síðan strax þareptir allir í einu hverr í rekkju sína at hvítast og sofa; það lídur ekki stjórnsöm húsmódir vinnukonum edur únglingum, at slóra og teffja fram á nætur, sem gjörir óreglu og stundum hneixlan, spillir líka svefnsæld annara heimilismanna, því stynsöm kona hatar alla óreglu, hún er ráðsvinn í allri hússstjórn. Þetta er helst talad um sumardaga hættur og verkastipan.

Kvöld og morgna, frá veturnóttum til heyanna, og mást þé svo hafi víðar verid, hvar góð reglusemi og hússstjórn vóru víðhafdar. Eg vil biðja Gud ad gæfa, ad sá lofsverdi vani þjóðar vorrar, ad lesa hússlestur á kvöldum, um vetrar og vorstímann, aldrei leggjist niður, hér í landi. S.

§. 50.

Nú er dagur misjafn mjög hér á landi, þegar hann fer at skémmast, þá tekur ljósvaka þar við, sem dagsljós þrýtur á hausti. Húsfreya vakir við ljós 1 stund strax at lidinni Mikaelsmessu, og lætur þær ljósvökur jafnóðum togná, alt til þess vökurar verða 6 stundir á jólaföstu og vidlíka lángrar haldast þær alt til þorra. Þaðanaf styttaf þær jafnt sem dagur lengist alt til midgói, þá eru kvöldbænir haldnar við dags ljós upp frá því. Verða þá mjálta, máltíða, og bæna-halds tímar at mestu leiti í sama mund dægra alt ár um fríng; gjörir þessi háttastípan mikid at því, at allur bæarbragur sé góður, samt at börn og hjú venjist góðum sídum með jafari reglu, og haldi sídan þeim barns vana, þegar verða húsráðendur.

§. 51.

Hverja vinnufönu lætur húsmódir læra at vinna, sníða, sauma, og setja til almennileg fót karla og kvenna, svo þær gæti, þegar þær giptast, flædt bædi sig sjálfar, bónda sinn og börn. Hún lætur þær sjá alla sína matarmedferd og allann búnaðarhátt, svo þær læra megi allar sínar forstands- og sparnadar-reglur, þær sem þeim megi sídan at gagni koma, ef at þær megi ráðsvinnar verða, og lifa ósómalaust²⁴.

²⁴) Þegar svo er breytt, verðskuldar húsfreyan, með öllum rétti, það heidurs-nafn, ad heita húsmódir. S.

§. 52.

Alf því at mjólkinn er besta og mesta búsilag landbúandans, þá vandar góð bústýra mjög meðferð á því matfáingi. Kúa- og ásaugar- mjólk er hér helst meint, þvíat geitfé hafa fáir. Búkona lætur alltd kúamjólk vera óblandada við aðra mjólk, því úr henni, fyrir sig, fær hún það besta Smjör at salta til höndlunar. Hún strokkar nauta rjóma nýhann, hrærir úr smjóri öll hár með tilgjördum knífi ²⁵, saltar strax smjörid ²⁶ og

²⁵) Þessi knifur er gjördur sem sög, og tónn hvor þverhnypt, eda þó heldur innundir sig, þeimveigin, sem ad skaptinu veit. Hreinlegar bústýrur reuna nýmjólkinni á trogin, gegnum þau ypparlegu háriáld, sem nú fást í höndlunum, en samt sem áður þarf kníf þenna við ad hafa, egi smjörid ad vera vandad, sjá §. 56.

²⁶) Høfundurinn segir „strax“ og er það ekki ósýrirsýnju, því saltid, svo smámulid sem verda má, á strax vandlega ad elkast innanum smjörid strokkvolgt, áður það er lagt niður í ilátid. Almenníngur saltar smjörid í ilátinu, í lögum, líft og saltkjöt, og stráir á hvört lag, lítt; eda ómældu salti. Leidir af þessari óvöndudu aðferð, ad sumt af smjörinu verður við geymsluna hvítt, þó sumarsmjör sé, og lítt edur ósaltad, og því hálfstírt og þrátt, en sumt raubleitara, með örnum saltmolunum í. Þetta er heldra fólki og framandi mönnum viðbjóður. Þó er ekkert, sem meir spillir saltsmjör; verkun vorri, enn hvað áirnar eru illa hnodadar og þveignar úr smjörinu strokkvolgu; við það, sem eptir verður af áum í því, þránar það og verður illa lyftandi, því ostefni (drabli) mjólkurinn

drepur því niður í hrein enki — eða benki ílát, þvíat í greni edur furu ílátum spillist það og fær ósmekk. enn verri samt af þeim ílátum, sem brennivín hefir ástadið, jafnvel þó vel hafi þvegið verið. Virki edur selju ílát má til saltsmjörðs brúkast, enn ekki verður selju fagginn varanlegur, fallegur og þokkalegur má hann verða álíts. Smjörð daunar mest af illri edur góðri meðferð matseljunnar, enn hagi og fódur kúanna gjöra þar og mikid at, og þess gætir búkonan, at salta þareptir smjörð meir edur minna, sem það er feitt til. Það feitasta smjör í Júníó og Júlíó safnad og saltad, sem til höndlunar er brúkad og fær-ist síðan úr koldu lopti til Danmerkur í heitara lopt, það lætur konan fá merkurílát af salti til 20 punda smjörðs, og það af besta og sterkasta Spanssalti, vel muldu*). Bæði af hveiti salti

er fúnar í því og jafnvel madkar. Spillir þá óvönduð meðferð illa góðu búfáangi bóndans, því án esa er hjá fáum þjóðum feitara og bettra sunar-smjör, enn hjá oss, ef vel væri áhaldið. Sjá enn fremur § 56. S.

*) Spanssalt er hið sterkasta salt enn stórgétt, svo á því liggur, ef smjörð á að verða velsaltad, að það sé mulid sem best, svo það verði einsog hveiti; með því móti gengur saltid jafnóft í smjörð, þar sem svo óþ ber við að smjör er koflum saman lítt atilegt, þegar stórir molar koma manni í munn, og ríður þó á því þegar saltad er, þó með finámuldu salti sé, að um leid og því er sáð í smjörð, sé þetta hnotad sem best, elt og klípid, að hværgi verði hrannir af saltinu eptir, heldur gáangi það strax sem jafnast úti smjörðs

og því íslendsta þarf meira, af því það er daufara hvert um sig. Það saltad smjör sem hér innanlands endist á vetri, þarf minna at saltast, síst ef ekki geymist fram á annad sumar.

§. 53.

Súrt smjör hefir brúkad verid til feitmetis hér í landi frá alda ödli, já, frá Íslands bygging, og hefir sú atferd mikid styrkt búsceldir landsmanna, ámedan efni voru meiri enn nú, því at

id — Svad mikid þurfi af saltinu mun réttilega tilgreint af höfundinum, þó med því móti ad honum sé hlýdt til þess ad melja það sem best ádur. — Það er og sérilagi athugandi, sem hann hér á undan tilgreinir um góð ílát, ad hvorki séu af greni, furu, edur þeim er brennuvin hefir stadid á. — Þegar Arnbjörg á ad salta smjör til sölu, þá á hún ad ganga svo vel og hreinlega frá því sem hún gétur, med því móti verda bædi fleiri sem eptir því salkja, og líka betur borgad; En þá liggur líka á því, ad Atli — bóndi hennar, hafi góð ílát ad fá henni, og verður hann í byrjun búskapar ad hafa hugsad fyrir þessu, því uppi sveitum er ei svo hægt ad fá góð ílát, ef ei er í tíma hugjad fyrir því, og á helst ad brúka sömu ílátin undir hvad eina, ár eptir ár. — Arnbjörg varist hann síð, sem vidda tyðkast, ad geyma salt í eldhúsi í þoka fyrir ofan eldstó, edur ödruvísi; af sórtinu og reiknum, sem festist í saltinu, kémur óbragd í smjörid. — Salt mun mega geyma, svo ei renni, ef það er þar sem eingi ilur gétur ad því komist, svo sem úti skémmu, en ei þar sem ilur og kuldi mærist edur skiptist til. **Th.**

Það saltada smjör heldur sér varla 2 ár, svo ætt sé á eptir, enn það súra hefir óskémt halbid sér yfir 20 ár, og því kunnu forðum Biskupar og aðrir stórbændur og audmenn at eiga óskémdar grásíður til bjargarbóta morgu fólki, þegar felli vetrar höfdu endt mestöllum búsmala og búnytt. Það smjör, sem sýrast skal er þá eins hreinlega þrifid, sem hitt. Helst lætur búkona saudasmjör súrna, því það er feitara. Súrinna kemur af sjálfum sér, þegar smjörin kemur saman, og er því betra, sem meira er saman; það smjör á ekki í vatni at þvoft, heldur hnodast vel, enn það lítid, sem þá er eptir af áum, batar það, því gángur og súr kemur því fyrri í það. Med því á Íslandi er optast hardur og kaldur matur brúkadur fyrir erv- idis fólk, þá er því hid súra smjör, helst á vetri, hollara enn hitt saltada, og svo skamtar skynsöm bústýra því*).

S. 54.

Vir og undanrenning flóar búkona vel, áður enn hún hleypir mjólkina, kallast sú kona ódresi og subba, sem lætur mjólk súrna svo ei verði flóud, enn hún vinnur ekki til betra nafns, sem gjörir fyrir úr óflóadri mjólk, það fyrir verður óholt, ósmekklegt og óætilegt. Þó fyrir sé gott,

*) Vid síði og ødru hardæti, sem svo mjög brúkast hér í landi er súrt smjör ad ætlun minni hollasta seits- metid, enn ekki á það vid, og mun ei heldur vera allskost- ar holt, þar sem tíðkast súr-braud, og af þessu kemur það ad Danir og þeir innlendir menn sem hafa vanist þeirra matarædi, fella sig ei vid það. Th.

þarf góða rækt, at ei stefnumist né mabli til vetrar, hafa búkonur til þess hýmsa útvegi, sem þeim duga öllum, sem vel og opt adgæta. Vel þurr leir, og smátt mulinn síðan, er líklegt sé góður þar til, helst já raudi eða, bleiki eða græni; hann ver ornum, því þeir fælast hann *). Sama mjólk, sem gífur skyr, gífur líka drykk eða misu, sem verður at sýru, þegar gangur kemur þari. Þessi lögur blandast hér med vatni, og er þá hversdags drykkur hjúo. Þad sem sagt var um súrt smjör, má um skyr og sýru segja, at alt þetta verdr því betra, sem þad er meira saman í stærri slátum. Skyr og sýra geymist ó-

*) Eg veit ekki hvört sú adferd sem höfundurinn gétur um er nú algeing hér í landi. — Hvor búkona heldur því sem reynslan hefur kénnt henni ad vera á reidanlegt. — Einn víða mun tíðkast ad leggja lag af tólg edur floti ofaná skirtunnur — enn vid þad er at hngandi, ad ádur sé öll ólga úr skyrinu, og ad fardast skán sem setst á, medan ólgan varir, sé risin ofanaf, ádur enn tólgin er brædd yfir, og þó má eptirá hafa jafnadarlega gjætur á. hvört tólgin springi frá börmunum, sem áliggur ad séu sem þurrastir þegar brædt er; en springi frá og loptid komist ad, er viss von á ornum. — Þessvegna hefur Arnbjörg mín sagt mér, ad henni hefdi reynst best ad taka mjólkhnodad og velsalt ad smjör, og drepa sem þéttast ofaná skyr, því smjörid springi síður enn tólgin, og þegar þad smjör sé hndu ad upp aprur, sé litlum mun lakara en hvört annad saltad smjör, enn því betur sé bædi fyrir skyríð og smjöríð sjálft sem þykkara sé lagid. **Th.**

skémd nokkur ár samfleitt, ef harðt frost kómst ekki at. Syran brúkast í saup bæði kjöts og fiska; í henni geymist best fram á vetur, eða lengur allur seigur og tormeltur matur, sem annars er varla ætilegur, enn verður þá hollur og audmeltur.

§. 55.

Ostar gjörast af sama efni og skyr, enn eptir því búskaparlagi, sem nú er hér á landi, þá sér það hver forsjál kona, at skyr hröktur langtum betur til búdrýginda, enn ostagjörd, einkum þar nú er peningur svo fátt eptir hörd ár og heyleysi. Enn þá er búsmali er mikill, þá þarf langtum meiri ílát fyrir skyr enn osta, og meiri vöktun þarf það, þá gjörir búkona osta til sölu. Um atferð ostagjördarinnar hefir hver búkona sinn egin hátt, enda eru þeirra ostar mjög misjafnir. Góð matmódir vandar þetta verk, sem öll önnur, at ostur verði hollur og góður fólki hennar, og at hann verði líka útgengilegur til sölu, enn kaupandinn fái góða matvöru. Ekki er minni vandi at geyma vel osta enn gjöra þá, og er hvertveggja búkonu verk. Hún kómur sterkum birkilegi í pott, sýður osta þar nidri í hægt litla stund, þá sækja ei ormar at þeim. Somu verkun hefir það, þegar hún lætur eina mörk þess lagar koma í hverjar 20 merkur mjólkur þeirrar, sem ostur skal afgjörast. Þá er enn ráð, at sjóða möðru í þeirri mjólk, sem til osta er ætlud. Nokkrar láta nýhann ost liggja í saltlegi hreinum eitt dægur, og þurka hann svo aptur. Það sama batar þá osta, sem áður voru orðnir harðir og segir.

§. 56.

Góð og forstöndug húsmóðir gæfir þess jafnan, at allur hennar matur sé hreinn, þokkalegur álitis, smekkgóður og allrahelst, at hann hollur sé. Hér til vandar hún mest hreinláta meðferð allra hluta, helst matvælanna og allra þeirra féra og íláta, sem þartil brúfast, svo sem eru mjaltafötur, rjómatrog og dallar, samt öll kæröld, sem til matar eru höfð; hún lætur það alt vera vel þvegid áður brúfad sé í hvert sinn. Aldrei líður hún, at sír komi í þau ílát, enn verði það, í móti vilja hennar, nær hún aptur sírnum úr þeim með fjóðandi vatni, einu eda fleirum; þartil lætur hún fjóða einirlauf í greindu vatni, at síður sírni aptur, einsog Hr. Ström segir frá, og ráðleggur Mormönnum. Hún sjar vel alla nýja mjólk og aptur rjóman. Smjörid hnóðar hún og eltir vel, at ekkert af áum verði þar í eptir, og hrærir síðan, áðurenn hún saltar það, (§. 52.) *). Um smjörgjörd og osta og það hreinlæti, sem þar til hlýðir, hefir Sekretéri Olavíus skrifað greinilegann og þarfann bæklíng, sem bæði er og má vera í afhaldi hjá forstandugum og góðum húsfreyum, því hann kénir það sama, sem þær hafa áður brúfad og brúka enn, samt nokkur fleiri góð ráð framandi þjóða í því efni, enn fá bæklíngur er

*) Góð búkona stendur fast á því við mig, ad það sé raung ímydun ad smjör þýngist ad vigt þó áir séu í því, segir hún ad þegar smjör skal salta séu þær til einstis nema til ad spilla því og koma í það sír, farða og óbragti, en þýngi það þó ei ad heldur, **Th.**

midlungs vinsæll hjá óþrifnum og óhreinslátum konum, enda telur þær engi madr með góðum hússmæðrum, heldur fyrir forrotnan í esnum og beinum bónda síns.

§. 57.

Sama þrifnad og hreinlæti hefir góð hússfrenja í medferd allra annara matsánga og búsafns, svo effert óhreit komist þar að, sem vera kann mygla, fardi, madkar, flugur og fleira þeskháttar, sem alt er bædi vidbjóðslegt og óhollt hverjum manni. Þegar góð kona hefir þann mat, sem ei vel geymist án skémda, þá brúkar hún þann sama sem fyrst fyrir fólk sitt, enn fáir það ekki torgað þeim mat, áður enn hann spillist, þá vill hún samt, at öll Guds gáfa, sem hún hefir hönd yfir, verði at notum, og sinnur hún sér þá fátækann granna sinn, sem hún gæfi þau faung, áður þau ónytist, svo at ei sé ætileg. Hún hatar og fordæst þeirra dæmi, sem geyma mat til þess hann er óætur útborinn í bæar hauga, þegar fátækir smábændur líða hungur heima í nágrenni þeirra, með konum sínum og börnum.

§. 58.

Öll matvæli hyrdir hún, svoat sem hollust megi verða, þegar þau eru mönnum borin. Seigt fjót sýdur hún í sírs, það, sem meyrara er, saltar hún. Það feitasta reykir hún eða vindpurkar, hvert heldur það er af fuglum, land — edur sjódyrum, og lætur iduglega um hyrda, svo effert mæti skémdum.

§. 59.

Um matar skamt hefir hún þá reglu, at hverki ofmatist fólk hennar af besta mat daglega, og ekki heldur leidist því léttmeti, heldur tekur hún sér víssa reglu, hvað hvern dag skuli framreidast. Þegar hún getur svo umskipt, leidist engum, og enginn trénaft af því léttara, enn hitt betra verdr því framar velkomið eptir á. Þegar hjú og fólk hefir þýngsta erfidi, eða hefir vel aflofid áhloupa verki, þá hyglar hún því með betri máltíð og meira sælgæti enn annars hvern dag.

§. 60.

Það er húsfreygunni ófært, at gæta als þess hreinlætis, sem hér er áminnst, nema bóndinn fái henni þau bæar og geymslu húð, sem ekki drjúpi, og allra síft getur hún vandad sína matskapan, ef innibúrid lekur; því er naudsýn, at það húð sé vel þétt og jafnvel súðþakid, þarsem efni eru til þess. Samt hefir hún þétt og velfellt lof yfir hverju iláti, at ekkert óvendinglegt falli í þau; af tvönnu illu er það betra at brúfa óhreint fat, sem hægt er af sér at kasta þegar hverr vill, enn at eta óhreinann mat, sem í magann fer. Fái konan þétt og góð húð, er ekki ódrum enn henni um at féna, ef óþrifnadar verdur vart.

§. 61.

Tgángs og þó helst sængur klæði hefir húsfreyja undir höndum í búí sínu, þurfa þau líka hennar umsjón; þessum heldur hún ætíð hreinum, svo þá sé jafnan til taks, er tilþarf at taka, samt

at alt verjist meli og mokku, verða alskyns flæði vidrub úti á hreinum stad, eins þau rúmföt, sem allid brúfast, einusinni í viku, þegar vedur gefst hreint og gott til þess, enn þá strax — eru þau þvegin, er þau verða óhrein*). Sama athuga hef- ir hún um allan bordbúnad, hún lætur aldrei nein bordkér grómtekin verða, af hverjum helst málmí sem þau eru, því þá er ómað langtum meira at hreinsa þau aptur. Allra síst lætur hún kolla eða kór af eyri grænka, því hún veit, at ketil-grænka og koparríð er eitur, ef kómur í mat manna, enn hún vandar alla matgjörð til heilnæmis.

§. 62.

Skædnad sinn og þeirra, sem hún annast, vandar hún til hægdar og þarfa heldur enn skorts, hún vill brúka sjálf og láta sitt heimilísfólk brúka væn fót, sterkt og sæmileg enn ekki glæsileg. Hún leitar hverki sér né sínum vörðingar af dýrum flædnadi, þó vill hún ekki at vöndir tóttar gjöri sér övörðing. Aldrei lætur hún sig sjá í risnum eða óhreinum flíkum, ei lídur hún he.ðr, at neinn madr af heimilísfólkinu gáangi í risnum og óhreinum fótum. Skædnad bónda síns og barna vand- ar hún sem sín sjálfrar, og ver þar helst til sín- um egin handyrðum.

*) Svör gödur efnadur bóndi leitar þess ad kona hans egi væn ílát til ad geyma hvad eina í, einkum svartí fót og göd rúmföt, sem ei brúfast daglega, þessi ílát mega ei vera lítil, svo ei þurfi ad bögla fótunum sam- an niðri þau, og kómi svo í þau brygdur, vid hvad þau bædi slitna og verða óásélegri. Th.

§. 63.

Föt heimilisfólks og hjúa lætur hún tilsetja eptir hvers standi, svo at því sæmilegar sé vandad fyrir hvern af fólkinu, sem hann á meira at sér, og þó hreinlega fyrir alla unnid. Ei þykir henni hjú sín hafa nógann klædnad, nema hvert þeirra egi allann fatnad fornann, tvenn ígángs klædi hversdags til skifta, einn helgidaga klædnad og einn hátíðaklædnad. Bresti hjúid eitthvad af þessu, þegar það kemur í hennar vist, vinnur það fyrst fyrir því, svo það sé strax verkfært og ófrosid allstadar, hverninn sem vidrar.

§. 64.

Svo at úngar meyjar venjist strax til dugnadar, lætur hún hverja stúlkú uppfrá því hún er 14 vetra hafa þá ætlun, at þrifa fót eins af karlmönnum, halda þeim hreinum og hrirða um þau ad öllu; gengur hún rift eptir því, at stúlkunni lídist engin glemmfa eða hyrduleysi í þessu. Ráðskona hefir það verk, at þrifa og hreinsa gæsta stofu, svefnhús, bord, stóla, stápa og annad það, sem til þrýðis skal halda, lífa aðra og öll matar úlát, sem til daglegrar brúfunar eru höfð. Þetta er atgætt tvísvor í viku, midvikudag og laugardag, og aldrei sjaldnar enn hvern laugardag*).

*) Höfundurinn talar hér um Ráðskonu, og er sá síður í þessu landi, ad einum heldri konur taka einhvörn esnilegan kvennmann sér til ráðskonu, þar sem fyrri miklu búi er ad standa, og sjölmenni er mikid fyrir, og er þetta náttúrulegt og veltífallid, enn þá vildi

Æ þeim sömu dögum er það eldrafonu verk, at söpa og hreinja forp úr öllum ödrum bæarhúsum og lífa af bæar stéttum, þegar þerrar ganga og nokkur hrodi safnast á þær.

§. 65.

Góð húsfreyja elskar öll sín hjú, og vill enfið þeirra mein vita, þessa gjætir þó mest, þegar þau verða sjúk, eða þeim vill nokkur sorg til,

eg heilræðum höfundarins væri hlýðt, að húsmóðirin lýti samt alltaf eptir sjálf, svo öllum á heimilinu sé ljóst, að Ráðskonan sé ei ordin húsmódir. — Því það sýnist horfa skakkt við, að húsmóðirin gjörift vinnukona og sitji æfinlega við vinnu uppá palli með ödrum vinnukonum, en ráðskonan gangi um allt, bæði bú og eldhús, og hlýst stundum af þessu lakari bæarbragur enn ella, þar fólk gjörir sér sem optast dælla við ráðskonuna. — Séradauki bíð eg athugasé, hvört konum, einkum meðan þær standa í barneign, sé hollt að sitja allan daginn í kreppu við rokk edur aðra vinnu í höndunum; án alls efa er hreisingin þeim hollari bæði fyrir sál og líkama, einkanlega þegar svo stendur á.

Þífsulega ríður mikid á að vinnu sé vel framhaldid, en það stendur samt stöðugt, að enn meir er undirkomid gödri reglu, þífnadi, hagsýni og gödri hagtæringu; að rækja þetta vel á heimili, og vinna þó alltaf í höndunum frá morgni til kvælds, er varla nokkurri konu mögulegt. — Það veit eg að góðar danskar búkonur, þó bændur þeirra séu háir embættismenn, líta jafnadarlega til með þernum sínum, bæði um matargjörd og annað. **Th.**

Því þá sýnir sig best hennar viðkvæma og með-
 aumfunarsama hjartalag, og þá rennist, hvert hún
 svarar til nafns síns, at hún sé húsmódir. Hún
 lætur hid sjúka hjú fá alla athjúkran, sennustu og
 hægð, sem hún hefir færi á, leitar því lækninga
 ef kostur er, huggar það og áminnir með ordum,
 velur því hollasta mat, þegar það fær nýtt hans,
 og leggur alúð við þess apturbata.

§. 66.

Hver öld hefir mörg ár og hvert ár hefir
 marga daga, þó koma fleiri mál enn dagar; ár-
 gæðska og hallæri er hvertveggja í hendi vors
 Skapara. Seint er þá at taka til orþriffs ráða,
 þegar hallærid hefir eydt öllum efnum, hafi menn
 ekki búist við því fyrirfram. Forsjál kona safnar
 byrgdum í góðu ári, þeim sem vel má geyma og
 hyrdir vel um þær, enn þegar hún sér á árgangi,
 at dýrtid sé fyrir höndum, hvert heldur brestur
 fíftur ellegar grasnýt, þá safnar hún og nýtir
 alt það á sumri, sem soltinn magi má eira við á
 þeim lánga vetri vorum íslendinga, og það jafn-
 vel þó hún sjái faung sín ríflaga hrökva húsi
 hennar til framfæris, því eitt hennar sárasta bøl
 er það, at sjá húngradann mann, og géta ei fadt
 hann, enn í hörðu ári sjá menn marga slíka fyrir
 dýrum og frétta opt til ei færri, sem þola húngr-
 ur heima með konu og börnum, er naumlega hald-
 ast við hús.

§. 67.

Hér má og nefna nokkud af því, sem óþrífur

menn, ónytjungar og mathákar falla hardinda mat. Sýran er einhver gagnlegasti hlutur í búi manns til margra matarbóta og drýginda. Þá er bóndinn annadhvert orsnaudur eða óráðsamur, ef hann hefir ei framkvæmd fyrir því, at fá konu sinni nóg ílát at geyma sýruna í, enn þegar bóndinn rædur effert úr ílátaleysinu, þá samt hellir aldrei góð búkona sýrunni nidur, eins og sumt óþrifa fólk gjörir, því hún reiknar það bæði óframsýni og synd. a) hún tekur sýru þá, sem hún fær ei geymt og hyrdt og sendir hana nidur til fimtunga, og sá fimtúngur, sem þá er eptir, er sadningssamasti matur af flestum sem menn vita til og hollur erfðis mönnum. b) hún bleytir allskyns smáfiskabein, lætur þau þvo vel og sjóða í sýru og vatni, til þess þaraf verður mjúkt mauk og ætilegt saman við stýr, falla menn það beina strjúg, enn hitt drykkjar strjúg. c) alt hvað er af innflum ætra fugla, land og sjóar býra bæði stærri og smærri, hvarmed reiknast sísta hrogn, háfalla egg og hvalgarnir (sem lögbok fellar fémætar Refab. 3). Það lætur hún hreinsa svo vel, at effert flór edur óhreinindi lodi þar við, þá er það lagt í sýru og verður þá ætilegt. d) það sama gjörir hún við hardætt fiskifáng, sem í votvidrum verður ei geymt óskémt edur þurkad, og ei heldur verður gott úr salti, svo sem stórt heilafiski á sumrum. e) öllum skelfiski lætur hún safna, hvar sem hún tilnær, sýdur hann og leggur þann seiga í sýru, enn hinn megra og mjúka lætur hún fetstann eta, súrsa edur salta lítid. f) Sveppa má sodna í sýru geyma, og svo eru þeir betri og

óhættari að eta, enn ef þeir eru frískir etnir. g) hún lætur því meira safna af ósánum matartum, sem hún sér meiri þörf vera, (§. 48.) og þó hún ætti tunnum saman af þeim sörudum og söltudum, þykir henni hvergi um of*).

§. 68.

Þessi öll matvæli og fleira þess slags gefur hún fólki sínu eina edur 2 máltíðir á viku hverri, nema heimasólkid óski þess optar, sem gjarnan viðber, þegar þetta er alt hreinlega og þokkalega tilbúið og framreidt. Með því móti fær hún efni, at sedja margann húngradann gæst og förumann, og senda ölmusu barna manns hyskinu, sem kúrir inni við húngur, vyl og vesöld, og þá ölmusu tekur hún þá líka af því, sem sparast við hennar þrifnad og nýtni.

§. 69.

Hér af sjeft, að hún þolir vel fátækt, því þau fjör hefir vor Frelfari helgaf bæði með sínu dæmi og svo kénningum, og þó gyrnist hún audæfi, því með þeim fær hún efni at gjöra gott

*) Það er mjög svo athugaverdt sem höfund. segir um Öhruna, og mér hefur laungum ofbodid þegar eg vissi henni helt út í sveitinni, af því bóndinn hafdi ei haft hugsun edur dád í sér til að eignast nóg ílát, og hefi eg vitad marga óreglu í fleiru leida af því, er bóndi var sér ei í tíma útum kúr edur lagartunnur, edur ef hann setti þær í svo slæman stad að þær bráðum súnudu og urdu ónýtar. Th.

heim sem þurfandi eru, enn það er hennar velt-
ing og ánægja, enkum þar er vor Frelsari segir:
sællra er að gefa enn þiggja, og hún vill langt-
um heldur kunna að gefa og gjöra það líka, enn
þurfa að þiggja. Hún hyggur og svo til orða
Páls Postula: af því, sem hverr hefir, verður
hann þaknæmur, enn ekki af því, sem hann hefir ekki.

§. 70.

Góð kona er gæstrifin, og orfar enn álbrei
afletur bónda sinn að hýsa ferdamanninn eftir esn-
um þeirra, einfanlega er hún hýsla þrúð og hæ-
verst, þegar vinir þeirra hjónanna sækja þau heim,
og sparar ekkert til ánægju þeim; þó fer hún
spartelega bæði með esni og tíma, svo hverugt endist
óhóflega uppá jafnadarlegar vinaveitslur (§ 11);
hún reiknar þær fyrir krydd líffins, enn ekki hvers-
dags vidværi, og fáir eru svo stöðuglyndir, að
hugurinn sé í fyrðum heima hjá sér, þegar menn
sitja að veitslum, menn hura þá mest til annara,
enn gleima sér sjálfum.

§. 71.

Svo að bætur hennar sé þokkalegur inngaungu,
og ekki dauðillur né óþekktarlegur, þá kyndir hún
Eini opt í húsum, og sé hann ekki að fá, hrífi, ed-
ur og feitum furuspónum, svo að alls tíð sé þar holl
og þæg lýkt, enn það, sem ódaun af sér gefur,
það líður hún ekki innanbætur, allra síft nálægt
umgaungu manna. All bætur saurindi bæði vot
og þur lætur hún færa ábak húsum, enn aldrei
framundan bætur dyrum. Í geymslu ílát leggur

hún ylmandi lyftargræs þurkub, svo sem reyrgæs og þessháttar, það endir maur og mofkulyft, og alt þetta saman hreinsar loptid, ver fúllum dæmpum, helst þegar landfarsóttir ganga, það styrkir höfud og alla heilbrigði bæar fólksins *).

Inntak framanskrisadra blada.

1. Gudræfni helgar, skynsemi þrýdir alla kosti Evenna.
2. Góð kona óttast Gud, því hún er varúðarsöm.
3. Sún trúir Gudi, því er hún örugg og úrræðagóð.
4. Sún elskar Gud, því er hún dygdug.
5. Sún heldur vel sín trúarbrögð.
6. Sún fordast hjátrú.
7. Sún þenkir rétt um sína skyldu.
8. Sún heidrar og elskar Kóng sinn og yfirvöld.
9. Sún ræfir almennings gagn.
10. Syllir að sér granna og grannkonur.
11. Sún ræfir hús sitt heima, ferðast sjaldan.
12. Leitir bónda sínum sóma.
13. Datar hann í öllu, sem hún orkar.
14. Sún er hans besti trúnaðarmadur og ráðaneyti.
15. Sún er ekki spurul né forvitin.
16. Sún breytir ei háttum, nema til batnadar sé.

*) Þeim heilræðum sem hér og víðar eru gefin gétur húsmóðurinn ei fullnægt, nema því aðeins að hún yduglega gangi sjálf um bæ sinn og taki eptir hvers ju einu, og er þá því betra ef bóndi hennar styrkir til, en þó er í mörgum hlutum konunnar auga nær gjætnara em bóndans, og þarf að vera það **Th.**

17. Sún ræftar og mentar börn sín í æftu þeirra.
18. Gésur börnum at sjúga sig.
19. Zeldur börnum ei lengi í reisum.
20. Zesfir engin olbogabörn.
21. Venur börn vid allskyns fædi og atbúnad.
22. Sún fordast ædru bædi sína og barnanna.
23. Dariess reglur um medferd á börnum.
24. Góð módir ávinnur elftu barnanna.
25. Sún kénfir þeim at heidra foreldra.
26. Venur af þeim alla barnakæfi.
27. Kénfir þeim at vera skynjandi sképnur.
28. Sún kénfir þeim sídan Drottins bæen.
29. Sún velur þeim og leyfir leikfáng.
30. Zeimtar effi af þeim at vera stray fullordnir menn.
31. Gjørir þeim bóklestur og handyrdir at leik.
32. Zesfir þeirra minni og skilning í kristinnðómi.
33. Frædir þau í Biblíu og fódurlands tilfellum.
34. Segir þeim dygdadæmi úr ødrum góðum sögum.
35. Venur þau á medaunþkan og manngjæðftu.
36. Kénfir meyum þær handyrdir, sem gagns von er at.
37. Svad hér meinast fyrir handyrdir.
38. Ofmikil vandfýsni vid dætur ei góð.
39. Módirin velur sér góða barnsóftu.
40. Ullarvinna eitt þarfasta verk búkonunnar.
41. Sún skilur ull eptir liti og gjædum.
42. Brúkar dönsft verkfæri til ullarvinnu.
43. Safnar litunargrosum.
44. Lætur þá rya sé, er þvif er fylft.
45. Skiptir vetrartíma til tóverka.
46. Skipar aldrei ómoguleg verk.
47. Gésur vinnukonum nokkfra tómsfund.
48. Setur verka skipan eptir ársins tímum.

49. Setur hættur og reglur daglega.
 50. Gefir víssa reglu á kvöldvökum.
 51. Kennir vinnukonum at sníða og sauma.
 52. Sun býr til smjör og saltar það.
 53. Býr til súrt smjör.
 54. Býr til skyr.
 55. Býr til osta og geymir þá vel.
 56. Sun fer hreinlátlega at mjólkurmati öllum.
 57. Er hreinlát í allri meðferd matar.
 58. Sér um, at matvæli megí sem hollust verða.
 59. Gefir reglu í matarþæmti.
 60. Bóndinn hlýtur at fá henni þétt innibúr.
 61. Sun heldur hreinum rúmsetum og bordbúnadi.
 62. Brúkar væn set, hrein, órifin, ekki glisleg.
 63. Lætur hjú eiga nógann flædnad.
 64. Lætur hreinsa á hverri vífu húsbúnad, sópa hús.
 65. Býr vel at hjúum sínum.
 66. Er forsjál at safna byrgdum.
 67. Safnar ímóti hallæri hardinda mati.
 68. Gefur ólmusu af öllum sínum byrgdum.
 69. Þolir vel fátækt, vill þó andug vera.
 70. Sun er gæstrísn og hýbýla þrúð.
 71. Sun heldur daungóðum bæ sínum.
-